



Gott til síðasta dropa

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

Miðvikudagur 15. febrúar 2005 – 6. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 **visir**

Írak Ástralir í mútuhneyksli

6



Viðskiptaping Ísland framtíðar- innar í fararbroddi

12-13

Tungumálakunnátta Vekur traust og styrkir tengsl



22

Eftirsótt verslunarrými

Mikil eftirspurn er eftir verslunarrými í Kringlunni og Smáralind þessa dagana og komast færri kaupmenn að en vilja.

Algengt er að verslunareigendum sé boðið svonefnt lykklagjald. Þá er sá kaupmaður sem fyrir er einfaldlega keyptur út og nýr rekstur settur í staðinn. Sá háttur hefur að vísu tíðkast um skeið í Kringlunni en hefur aukist í Smáralind í kjölfar aukinna umsvifa.

Samkvæmt heimildum er leiguverð á nýjum leigusamningum í Smáralind, fyrir meðalstóra verslun, á bilinu 4.000-5.500 krónur á fermetra án svokallaðs rekstrargjalds sem er ákveðin upphæð á fermetra. Allt er þetta þó háð stærð og staðsetningu.

- eþa

Erlend sókn í Kauphöllina

Sænski bankinn Swedbank er nýr aðili að Kauphöll Íslands frá og með gærdegnum, þriðjudegi. Stóraukin kaup erlendra fjárfesta á íslenskum bréfum og aðild Swedbank að Kauphöllinni er sögð benda til aukins áhuga erlendra aðila á íslenska markaðnum.



Með komu Swedbank eru aðilar að Kauphöllinni orðnir 23, þar af fjórir erlendir. „Við bjóðum Swedbank Markets innilega velkominn í Kauphöll Íslands. Það er ánægjulegt að fá öflugan sænskan banka til þátttöku í kauphallarviðskiptum á Íslandi. Við vonum að kauphallaraðild Swedbank marki upphafið á sókn norræna aðila inn á íslenskan markað,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar. Auðkenni Swedbank í viðskiptakerfi Kauphallarinnar er SWB.

- óka

FRÉTTIR VIKUNNAR

Í Kauphöll | Icelandair Group verður skráð í Kauphöll Íslands en FL Group hyggst áfram verða kjölfestueigandi í félaginu. Stefnt er að því að útfærsla á söluférlinu og skráningu liggi fyrir í vor.

Mælt með Össuri | KB banki mælir með kaupum í Össuri eftir útgáfu nýs verðmats upp á 112 krónur á hvern hlut. Bankinn telur félagið hafa styrkst við kaup á þremur stuðnings- og stoðtækjaframleiðendum.

Egla hagnast | Egla hagnaði um 17,6 milljarða króna á síðasta ári. Stærsta eign félagsins er um ellefu prósent hlutur í KB banka sem hefur hækkað um þriðjung það sem af er ári.



Avion kaupir | Avion Group hefur keypt Star Airlines, sem er næsttærsta leiguflygfélag Frakklands. Gengið var frá kaupnum á hálfmánuði. Dótturfélög fylgdu með í kaupnum en kaupverð var ekki gefið upp.

Mikill hagnaður | Mikill bati varð á rekstri SPH, sem skilaði 704 milljóna króna hagnaði á síðasta starfsári. Jókst hagnaður um 120 prósent á milli ára og var sá mesti í sögu sparisjóðsins.

Keypt í EJS | Skýrr hefur skrifað undir samning um kaup 58,7 prósent hlutar í EJS hf. Skýrr er dótturfélag Kögunar hf. Frekari grein verður gerð fyrir kaupnum í tengslum við ársuppgjör Kögunar í næstu viku.

Kaupir í Kögun | Síminn hefur keypt 27 prósent hlut í Kögun fyrir rúma þrjú milljarða króna. Seljendur hlutarins eru FL Group og Straumur Burðarás.

Netsímavæðingin er hafin

Nokia veðjar á samruna GSM og netsíma. Hér búa fyrirtæki sig undir samkeppni eftir að rammi varð til um netsímann.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Finnski farsímarisinn Nokia kynnti á 3GSM kaupstefnunni í Barcelona á Spáni nýjar gerðir farsíma sem gera notendum kleift að hringja „netsímtöl“. Fyrirtækið segist vera að bregðast við kröfum notenda sem í síauknum mæli séu að nýta sér netsímataekni. 3GSM-kaupstefnunni, sem er stærri en nokkru sinni með yfir 50 þúsund gesti miðað við um 36 þúsund í Cannes í Frakklandi í fyrra, lýkur á föstudag, en hún hófst á mánudag.

Hér kynnti Póst- og fjarskiptastofnun fyrir helgi nýjar reglur um netsíma. Í boði eru sérstök flökkunúmer sem byrja á 49 og fólk getur haft með sér og hringt eða móttækið símtöl hvar sem það kemst í netsamband. Þá er einnig heimilt að færa fastlínunúmer yfir í netsímakerfi, en þau verða þá engu að síður staðbundin.

„Undanfarna mánuði hefur krafan um internetsímtöl verið ört vaxandi, en hingað til hafa slík símtöl oftast einskorðast við notkun heyrnartóla og hljóðnema sem tengd eru tölvu,“ segir í tilkynningu Nokia, sem á 3GSM-ráðstefnunni á mánudag sagði að með notkun svokallaðrar UMA-tækni, og í samstarfi við fjarskiptafyrirtæki, gætu þeir sem nota útgáfur 6136 og N80 af Nokia-farsímum, hringt yfir netið með því að nota þráðlaust net. Þegar þráðlauss netsambands nýtur ekki við skipta símarnir aftur yfir á hefðbundið farsímanet. Lausn Nokia er nýjung, en fyrir eru til þónokkuð margar tegundir símtækja fyrir netsímataekni.

Auk stóru símafyrtækjanna, Símans og Og Vodafone, vinnur nokkur fjöldi fyrirtækja að undirbúningi netsímaþjónustu hér og telja sérfræðingar

að þegar sú samkeppni fari af stað muni áhrifin á símamarkað vera mikil og verð símtala muni hrapa. Þannig verði símafyrtækin að bregðast við með því að hugsa tekjuleiðir sínar upp á nýtt, bjóða nýjar tegundir áskriftarleiða og einbeita sér í auknum mæli að fastri áskrift til almennings að stórum hluta án tímamælinga símtala. Þannig býður til dæmi fyrirtækið Telio í Noregi ótakmörkuð símtöl innanlands fyrir sem nemur 1.500 krónum á mánuði, auk ókeypis símtala við útlönd í sem nemur 150 mínútur í hverjum mánuði. Fyrirtækið óx hratt þar í landi og bauð til sölu í sjöppum og verslunum kassa með áskrift og símtæki sem einfalt var að tengja við netið.

Jón Elíasson, framkvæmdastjóri NetAFX, er einn þeirra sem hugleiðir nýja stöðu á símamarkaði hér. Fyrirtæki hans býður þegar netsímanúmer í nokkrum löndum, en hann segir enn ekki búið að ákveða hversu mikla samkeppni fyrirtækið ætla í hér. „En við komum að minnsta kosti til með að bjóða flökkunúmer,“ segir hann og telur æsispennandi tíma fram undan þegar fleiri fara af stað.



JÓN ELÍASSON
Jón er framkvæmdastjóri NetAFX sem býður netsímtöl til fjölda landa.

Færeyingar stærstir í SPRON

Föroya Sparikassi stefnir að skráningu á ICEX á næsta ári.

„Okkur þótti það gott fjárfestingartækifæri að kaupa bréf í SPRON þegar okkur bauðst það. Það er mikilvægt fyrir okkur að dreifa okkar eignasafni,“ segir Marnar Jacobsen, bankastjóri Föroya Sparikassa sem er orðinn stærsti stofnfjáreigandinn í SPRON með 9,94 prósent stofnfjár. „Við teljum að Ísland sé mjög áhugaverður markaður en höfum ekki tekið ákvörðun um að auka hlut okkar frekar.“

Ætla má að verðmæti stofnfjárbrefanna í SPRON nemi 2,4 milljörðum króna en ljóst er að hagnaður færeyska bankans af kaupnum er talsverður þar sem gengi SPRON hefur hækkað mikið.

Jacobsen segir að ákvörðun hafi verið tekin að skrá félagið bæði á færeyska og íslenska hlutabréfamarkaðinnensamstarf er með kauphöllum beggja landa. „Við reiknum með að skráningin verði á næsta ári í tengslum við 175 ára afmæli bankans,“ segir Jacobsen en tekur það fram að endanleg ákvörðun liggi ekki fyrir.

Um nú þúsund aðilar eiga

hlutabréf í Föroya Sparikassa, sem hefur tekið þátt í fjárfestingum hérlandis um nokkurt skeið og var meðal hluthafa í Kaupþingi þegar það var sett á markað árið 2000. Föroya Sparikassi keypti svo alla starfsemi Kaupþings í Danmörku á þarsíðasta ári og breytti henni í EIK bank.

Föroya Sparikassi er gamall sparisjóður sem var breytt yfir í hlutafélag fyrir nokkrum árum. Hagnaður bankans var um 600 milljónir króna á fyrri hluta árs 2005 og hefur hann vaxið hratt á síðustu misserum.

- eþa

GOTT FOLK/MCCANN

Góð ávöxtun og lítil áhætta

Peningabréf eru snættminnasti sjóður Landsbankans. Lágmarkskaup eru 5.000 kr. og hægt er að vera í áskrift að sjóðnum. Gengi sjóðsins hefur aldrei lékkað á milli daga og þú hentar hann þeim sem fjárfesta til skamms tíma og vija lítil áhætta

10,5%
vaxingarlíkan á ársgrundvelli
7.4.3.2004 - 1. febrúar 2005

Peningabréf Landsbankans

Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðurinn er rekinn af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbanki Íslands hf. er vörsluáðili sjóðsins. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útböðslýsingar og útdráttar úr útböðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans, www.landsbanki.is.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Actavis Group	-1%	8%
Atorka Group	0%	-3%
Bakkavör Group	-5%	2%
Dagsbrún	2%	-3%
Flaga Group	-2%	-17%
FL Group	13%	37%
Íslandsbanki	7%	24%
KB banki	6%	33%
Kögun	2%	5%
Landsbankinn	5%	15%
Marel	-7%	0%
Mosaic Fashions	1%	-5%
SÍF	-2%	-2%
Straumur	0%	31%
Össur	-2%	-10%

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

Kaupir aftur í Woolworths

Baugur Group hefur aukið hlut sinn í bresku verslunarkæðjunni Woolworths upp í 8,06 prósent. Í síðustu viku greindi Woolworths frá því að Baugur ætti yfir sex prósent hlutafjár.

Breska félagið hefur þótt vænlegur yfirtökukostur en mörgum finnst sem stjórnendur þess hafi ekki staðið sig í stykkinu og hafi óskýra stefnu. Fyrirtækið er því á margan hátt ólíkt þeim fyrirtækjum sem Baugur hefur fjárfest í.

Styrkur breska félagsins er talinn liggja í fjölmörgum verslunum sem eru staðsettar á besta stað í miðborgunum, þótt þær

skili litlu. Leigusamningar slíkra verslana eru hins vegar afar verðmætir. Verslanir í smærri bæjum ganga betur en þær í stórborgum, en Woolworths þykir fremur gamaldags.

Samkvæmt upplýsingum Markaðarins sér Baugur tvo kosti í stöðunni. Annar er sá að Woolworths sé undirverðlagt og geti því reynst góður fjárfestingarkostur. Hinn er sá að taka félagið yfir.

Markaðsvirði Woolworths er um 57 milljarðar króna þannig að hlutur Baugs gæti legið nálægt 4,5 milljörðum.

- eþa

Frekari upplýsingar um viðsemjendur

Yfirtökunefnd hefur ákveðið að beina þeim tilmælum til fjármálfyrirtækja að þau tryggji fyrirfram samþykki viðskiptamanna sinna fyrir því að afhenda megi nefndinni upplýsingar um aðild að samningum þar sem hlutafjäreign eða atkvæðisréttur er ekki nægur til að flöggunarskyldu sé náð. Einkum sé um að ræða tilvik þar sem gerðir hafa verið framvirkir samningar, og atkvæðisréttur að hlutum veittur við-

semjanda fjármálfyrirtækis með yfirlýsingu.

Ítilkynningu frá Yfirtökunefnd segir að nefndin hafi meðal annars það hlutverk að meta hvort skylda hafi stofnast til að gera yfirtökutilboð í félög sem skráð eru í Kauphöll Íslands. Í ljós hafi komið að Yfirtökunefnd geti ekki rækt það hlutverk sitt til fulls án þess að fá upplýsingar um hverjir séu viðsemjendur fjármálfyrirtækja samkvæmt slíkum samningum.

- jsk

Hrífst af Old Mutual

Hlutur Straums er yfir tólf milljarðar í Old Mutual, suður-afrísku fjármálfyrirtæki. Yfirtakan á Skandia í höfn.

Straumur-Burðarás er næststærsti Skandia-eigandinn í hluthafahópi Old Mutual (OM) eftir að suður-afrísku fjármálfyrirtækið tryggði sér nánast full yfirráð yfir Skandia.

„Við ætlum að vera áfram eigendur í Old Mutual. Ég er hrifinn af þessu félagi. Í gegnum kaupin á Skandia skapast ýmis spennandi tækifæri,“ segir Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Straums, í samtali við Dagens Industri.

Old Mutual, sem er 1.000 milljarða virði, skilgreinir sig sem fjármálfyrirtæki er sinnir tryggjastarfsemi, eignastýringu og einkabankþjónustu. Helstu starfssvæðin eru í Suður-Afríku, Bretlandi og Bandaríkjunum auk Namibíu, Simbabwe og nú síðast Svíþjóð. OM hefur horft girndaraugum til reksturs Skandia í Bretlandi sem þykir ganga vel.

Hlutur Straums er um 1,26 prósent í OM og er markaðsvirði hans 12,6 milljarðar króna. Ljóst er að Straumur hefur hagnast vel á því að taka tilboði OM sem hefur hækkað skarpt að undanförunu. Skilmálar tilboðsins voru nokkuð á þá leið að hluthafi í Skandia fékk greitt 60 prósent í hlutabréfum á móti 40 prósent í peningum fyrir eignarhlut sinn. Hlutabréf í OM eru skrásett í kauphöllinni í Stokkhólmi auk þess að ganga kaupum og solum í London og Jóhannesborg.

Christer Gardell, annar stór hluthafi í OM sem kom úr röðum Skandia, ætlar að bjóða sig fram til stjórnarkjörs í Old Mutual. Í Dagens Industri kemur fram að Straumur muni styðja Gardell en samkvæmt heimild-



BJÖRGÓLFUR THOR HRIFINN AF OLD MUTUAL Straumur á orðinn stóran hlut í Old Mutual sem fyrirtækið fékk í skiptum fyrir hlutabréf í skandia.

um Markaðarins hefur Straumur ekkert gefið út um það.

Fátt kemur nú í veg fyrir að OM takist að ná ætlunarverki sínu að ná til sín öllum hlutabréfum í Skandia og að yfirtökunni ljúki loksins eftir margra mánaða baráttu. OM hefur eignast tæp 90 prósent eftir að sænsku ríkislífeyrissjóðirnir játuðu sig sigraða og seldu bréf sín.

Margt bendir til að OM hafi hug á frekari landvinningum í Skandinavíu. Fjárfestingasjóður í eigu OM er kominn í níunda sæti yfir stærstu hluthafa í Swedbank (FöreningsSparbanken), einum stærsta banka Svíþjóðar.

- eþa

Tuttugu til 25 milljarða verðmiði á Icelandair

Hreinn hagnaður gæti numið 15-20 milljörðum. FL Group tvöfaldast frá útboði. Hagstætt að selja og skrá fyrirtæki.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Stjórn fjárfestingarfélagins FL Group tilkynnti á föstudaginn að undirbúningur að skráningu Icelandair Group á markað væri hafinn og virkaði sú frétt sem vítamínsprautu á markaðinn.

Fjárfestar voru hins vegar furðu lengi að melta tíðindin og reikna út áætlaðan hagnað vegna skráningarinnar því gengi á hlutabréfum FL Group hækkaði töluvert á mánudaginn og þriðjudaginn.

En hvert er virði Icelandair Group? Forsvarsmenn félagsins hafa gefið það frá sér að söluhagnaður hlaupi á tugum milljarða króna. Í bókum FL Group var flugfélagið Icelandair metið á um 4.409 milljónir króna þann 30. september og til viðbótar bætast tíu önnur dótturfélög en ekki liggur fyrir bókfært virði þeirra. Á meðan félagið var á markaði lá fyrir verðmat frá greiningaraðilum á upp á 9-12 milljarða. Í samtölum við sérfræðinga á markaði kom fram að áætlað markaðsvirði Icelandair Group gæti nú legið á bilinu 20-25 milljarðar og sölu- og gengishagnaður um 15-20 milljarðar króna. Einn bankamaður hafði heyrt 30 milljarða verðmiða nefndan en taldi það afar vel í lagt.

Eins og aðstæður eru núna hefur gott verð fengið fyrir stór og öflug fyrirtæki og mikill áhugi

fyrir nýskráningum eins og sannaðist í útboði Avion Group. Þannig fóru bæði Eimskip, sem gekk til Avion Group, og Olíufélagið ESSO, sem Bílanaust keypti á dögnum, fyrir herra verð en flestir höfðu búist við. Af fréttum fjölmiðla virðist vera mikill áhugi fyrir Iceland Express.

Annar viðmælandi benti á að spár greiningardeilda um áætlaðan hagnað FL Group á þessu ári væru orðnar úreltar sem væri ekki síður ástæða mikilla gengishækkunar í félaginu. Sennilega slagði hagnaður á fyrsta eina og hálfu mánuði ársins langleiðina upp í áætlun árhagnað. Ef tekið er meðaltal af spám þriggja greiningardeilda fyrir afkomu FL Group á árinu 2006 fæst út 14,4 milljarðar króna.

Frá byrjun febrúar hefur gengi hlutabréfa í FL Group hækkað um 25 prósent en markaðsvirði félagsins um 50 milljarða á árinu. Í nóvember var selt nýtt hlutafé í FL Group á genginu 13,6 og hefur verðmæti félagsins því tvöfaldast á þeim tíma.

Látlausar hækkningar hafa verið á hlutabréfamarkaði það sem af er ári og bendir fátt til annars en að febrúar verði álika fengsæll og janúar. Auk FL Group hafa bankarnir tekið gríðarlegum hækkunum og hækkaði gengi Íslandsbanka um sex prósent í gær. KB banki, Íslandsbanki og Straumur-Burðarás auk FL Group eru á lista yfir þau fimm fyrirtæki sem hafa sýnt mesta hækkun á árinu.

Lækkuðu sekt Kaupþings

Kærunefnd kauphallarinnar í Osló hefur lækkað sekt um helming.

Kærunefnd kauphallarinnar í Osló hefur ákveðið að lækka um helming sekt sem stjórn kauphallarinnar hafði áður ákveðið að verðbréfafyrirtækið Kaupthing ASA ætti að greiða fyrir ítrekuð

brot á kauphallarreglum. „Þetta var helst til strangt,“ segir Björg Ven, formaður kærunefndarinnar í viðtali við Dagens Næringsliv í Noregi.

Sektin sem Kaupthing ASA

átti að greiða nam hálfri milljón norskra króna, tæpum 4,7 milljónum íslenskra króna. Eftir úrskurð kærunefndarinnar lækkaði sektin í rúmlega 2,3 milljónir króna.

- óká



„auga dregst að yndi“

„Grillið á Hótel Sögu er samnefni fyrir lúxus í veitingum. Þar fellur allt í einn og sama farveg glæsibragis, allt frá virðulegum húsakynnum og víðáttumiklu útsýni yfir í frábæra þjónustu og matreiðslu á heimsmælikvarða. Það er gott að vita af svona klassa hér á landi. Í rauninni sprengir Grillið fimm stjörnu skalann, sem notaður hefur verið í þessum flokki greina um veitingahús ★★★★★...“

- Jónas Kristjánsson matargagnrýnandi

Grillið - 8. hæð / Radisson SAS Hótel Saga
Sími: 525 9900 / www.grillið.is

Grillið

Fremst í fæðukeðjunni

Alfesca

Bretland

Skelfiskur
Reyktur lax



Spánn

Reyktur lax
Blini og smurréttir

Frakkland
Reyktur lax
Foie gras
Blini og smurréttir
Saltfiskur
Sild



SÍF verður Alfesca

Alfesca er framsækið fyrirtæki með aldarlanga sögu sem á rætur sínar í útflutningsverslun sjávarafurða frá Íslandi. Á síðustu misserum hefur eðli starfseminnar gjörbreyst og í dag er félagið leiðandi í framleiðslu og sölu tilbúinna rétta og hátíðarmatvöru í Evrópu.

Alfesca starfrækir 12 framleiðslueiningar í þremur löndum: Í Frakklandi eru starfrækt dótturfélögin Labeyrie, SIF France og Blini, Lyons Seafoods og Farne í Bretlandi og Vensy á Spáni. Alfesca er í fararbroddi í Evrópu í framleiðslu á tilbúinni matvöru, svo sem reyktum laxi, blini, smurréttum, skelfiski, foie gras, saltfiski og ýmsum öðrum réttum.

Helstu vörumerki Alfesca:



Hagnaður SPH meira en tvöfaldast

Mikill bati varð á rekstri SPH sem skilaði 704 milljóna króna hagnaði á síðasta starfsári. Jókst hagnaður um 120 prósent á milli ára og var sá mesti í sögu sparissjóðsins. Batinn liggur fyrst og fremst í mun lægra framlagi í afskriftarrekning útlána en framlagið minnkaði um fjögur hundruð milljónir króna á milli ára.

Hreinar vaxtatekjur voru 1.358 milljónir og jukust um tæp fjórtán prósent en hreinar

rekstrartekjur voru 2,6 milljarðar og hækkðu um tólf af hundruði.

Önnur rekstrargjöld hækkðu um sextán prósent og námu 1.622 milljónum króna.

Eignir SPH voru 42,7 milljarðar í árslok og eigið fé 3.784 milljónir sem er 22,8 prósent hækkun á milli ára. Arðsemi eigin fjár var 23 prósent.

Stofnfjáreigendum fækkaði um sextán á árinu og voru þeir 31 í árslok. - eþa

Vaxandi spenna í hagkerfinu

Samkvæmt nýjum tölum frá Vinnuálastofnun var skráð atvinnuleysi aðeins 1,6 prósent af vinnuafli í janúar, sem bendir til þess að mikil spenna ríki á vinnumarkaði. Til samanburðar var atvinnuleysi þrjú prósent á sama tíma í fyrra. Við þessar aðstæður er hætt við launaskriði og auknum undirliggjandi verðbólguþrýstingi í hagkerfinu.

Dregið hefur nokkuð úr framboði lausra starfa og gefur það til kynna að þensla í hagkerfinu sé að ná hámarki. Miðað við sama tíma í fyrra hefur lausum störfum fækkað, sérstaklega

á Austurlandi þar sem smám saman fer að draga úr umfangi framkvæmda. Á árinu 2005 voru gefin út 6.367 atvinnuleyfi sam- anborið við 3.356 atvinnuleyfi á árinu 2004 og þar munar mestu um tímabundin atvinnuleyfi sem veitt hafa verið erlendu vinnu- afl. Framboð lausra starfa hefur þó aukist á Norðurlandi

eystra og á Suðurnesjum. Í Morgunkorni Íslandsbanka kemur fram að líklega væri verð-



bólga meiri og ójafnvægi hagkerfisins verra ef ekki væri fyrir innflutt vinnu- afl. Mikil notkun erlends vinnuaf- ls hafi sennilega verið einn árang- ursríkasti þáttur- inn til sveiflujöfn- unar í hagkerfinu á undanföllum misserum. - hhs



JÓN SIGURÐSSON, FORSTJÓRI ÖSSURAR KB banki hefur uppfært verð- mat sitt á fyrirtækinu til hækkunar.

Mælt með Össuri

KB banki mælir með kaupum í stöðtækjaframleiðandanum Össuri eftir útgáfu nýs verðmats sem hljóðar upp á 112 krónur á hvern hlut. Síðasta viðskipta- gengi í Össuri var 102,5 krónur.

Bankinn telur að félagið hafi styrkst til muna við kaupum á þremur stuðnings- og stöðtækja- framleiðendum að undanförunu.

Samkvæmt verðmati KB banka er virði Össurar 690 milljónir dala, um 44 milljarðar króna. Áætlað er að Össur hagnist um rúmar þrjátíu milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi.

Í verðmatinu er gerð tíu pró- senta ávöxtunarkrafa til eigin fjár Össurar. - eþa

Microsoft hvetur fyrir- tæki til að uppfæra Office

Eftir tap í einkaleyfismáli hefur Microsoft samband við fyrirtæki um allan heim. Hér hófust sendingar í þessum mánuði.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Microsoft á Íslandi og Microsoft um heim allan hvetja um þessar mundir fyrirtæki í hugbúnaðarleyfisáskrift til að uppfæra Office-hugbúnaðarvöndulinn.

Í bréfi sem fyrirtækið sendir út kemur fram að hluti kóða Office og Access brjóti gegn einkaleyfi og því hafi fyrirtækið gefið út uppfærslu. Hér tók Microsoft að senda bréf í byrjun mánaðarins en víða erlendis hófust sendingarnar í janúar.

Sendingarnar koma í kjölfar dóms sem féll í Bandaríkjunum í sumar vegna hugbúnaðartenginga í Access-gagnaböndum og Excel-skjölum. Hugvitsmanninum Carlo Armando Amado voru dæmdar 8,9 milljónir Bandaríkjadala í bætun vegna brots fyrir- tækisins gegn einkaleyfi hans.

Elvar Steinn Þorkelsson, framkvæmda- stjóri Microsoft á Íslandi, segir dómnum hafa verið áfrýjað, en notendur séu beðnir að upp-

færa vegna óvissunnar um mála- lokin. „Virkin eftir uppfærslu er alveg sú sama,“ segir hann. Vegna þess að öðruvísi horfir með skyldur fyrirtækisins vegna forritaleyfa sem seld eru í áskrift en þeirra sem seld eru í búð eru áskrifendur einir beðnir að upp- færa. Litið er svo á að pakkar úti í búð séu seldir eins og þeir eru á ákveðnum tímamarki, meðan hugbúnaðarleyfum fylgja kvaðir um uppfærslu og ákveðið viðhald á hugbúnaðinum.

Alla jafna segir Elvar ekki mikið umstang fylgja uppfærslunni. „Það ræðst þínulítið af því hvernig tölvukerfi eru sett upp. Flest af stærri fyrirtækjum okkar, bankarnir og fleiri, eru með ferla þar sem uppfærslur keyra í bakgrunni yfir nótt og not- endur sjá engan mun að morgni,“ segir hann.

Nokkuð hefur þó verið skrifað um málið í erlendum miðlum og heyrast þær raddir



ELVAR STEINN ÞORKELSSON Framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi segir hvatningu um uppfærslu varúðarráðstöfun meðan tekist er á um einkaleyfi fyrir dómi.

Fréttablaðið/Vilhlem

sem þykja nokkuð á fyrirtækin lagt að þurfa að bregðast við tapmáli Microsoft með þessum hætti. Auk þess sem þær raddir heyrast að með bréfaskriftun- um sé fyrirtækið ekki að gera annað en firra sig ábyrgð gagn- vart einkaleyfishöfunum, meðan réttarstaða fyrirtækja sem ekki uppfæri búnað sinn sé óljós.

Carlos Armando Amado, sem er frá Gvatemala, varð sér úti um einkaleyfi sitt árið 1990, en búnaðinn hannaði hann þegar hann var í námi við Stanford- háskóla í Bandaríkjunum. Árið 1992 hafnaði Microsoft tilboði hans um að selja tæknina, en hún dúkkaði svo upp í Office 95 og var í notkun allar götur síðan. Skaðabæturnar sem uppfinningamanninum voru dæmdar í sumar eru töluverðar, en þó fjarri því sem hann fór fram á, því hann vildi fá 500 milljónir Bandaríkjadala í bætun.

Fylgir settri stefnu

Erlendur Hjaltason nýr formaður Viðskiptaráðs.

Erlendur Hjaltason, forstjóri Exista ehf., hefur verið kjörinn formaður Viðskiptaráðs Íslands og tekur hann við af Jóni Karli Ólafssyni, forstjóra Icelandair. Þetta var tilkynnt á viðskipta- þingi í liðinni viku en póstkosning fór fram meðal félagsmanna ráðsins.

Erlendur er ekki ókunnug- ur störfum Viðskiptaráðs enda hefur hann setið í framkvæmda- stjórn ráðsins undanfarin tvö ár. Segist hann ætla fylgja áfram þeirri stefnu sem unnið hefur verið eftir á undanföllum árum. „Áherslurnar eru þær að reyna að bæta á hverjum tíma sam- keppnisstöðu íslensks atvinnulífs þannig að hér sé gott starfsum- hverfi og fjölbreytt atvinnulíf,“ segir Erlendur og bætir við að brýnasta verkefnið fram undan sé að fylgja eftir þeirri skatta- umræðu sem Viðskiptaráð kom af stað um Ísland sem flatskatta- land. „Það verður líka áhugavert að sjá hvað kemur út úr störf- um krónunefndarinnar,“ segir Erlendur. Krónunefndin var sett á fót ekki alls fyrir löngu og er ætlað að skoða stöðu krónunnar út frá öllum sjónarhornum.

Nýkjörin stjórn Viðskiptaráðs Íslands mun skipa fimm manna framkvæmdastjórn á stjórn- arfundum 6. mars næstkom- andi. Stjórnina skipa Katrín Pétursdóttir, Lýsi hf., Þór



ERLENDUR HJALTASON, FORSTJÓRI EXISTA OG FORMAÐUR VIÐSKIPTA- RÁÐS ÍSLANDS Viðskiptaráð mun áfram leggja áherslu á að reyna að bæta á hverjum tíma samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs þannig að hér sé gott starfsum- hverfi og fjölbreytt atvinnulíf.

Sigfússon, Sjóvá hf., Lýður Guðmundsson, Bakkavör Group, Jón Karl Ólafsson, Icelandair ehf., Rannveig Rist, Alcan á Íslandi hf., Ásdís Halla Bragadóttir, Byko hf., Ingólfur Helgason, KB banka hf., Kristín Jóhannesdóttir, Baugi Group, Hreggviður Jónsson, Vistor hf., Jón Sigurðsson, Össuri hf., Hörður Arnarson, Marel hf., Friðrik Sophusson, Landsvirkjun, Halldór J. Kristjánsson, Landsbanka Íslands hf., Ari Edwald, 365 hf., Þórður Magnússon, Eyrir Invest ehf., Róbert Wessmann, Actavis Group, Knútur Hauksson, Heklu hf., og Kristján Loftsson, Hval hf.

PENINGAMARKAÐSSJÓÐUR

10,2%*

Tilvalinn fjárfestingarkostur fyrir þá sem vilja binda fé í skamman tíma án mikillar áhættu. Enginn munur er á kaup- og sölugengi og innstæðan er alltaf laus til útborgunar.

* Ávöxtun 10,2% m.v. tímabilið 31.12.2005-31.01.2006 fært upp á ársgrundvöll

Peningamarkaðssjóður er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telur vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útbóðsýningu eða útdrætti úr útbóðsýningu sjóðsins í útbúum KB banka eða á www.kbbanki.is.

KB BANKI
- kraftur til þín!

Það er gott að spara! Spurðu Rabba bara

Rafn Árnason sparar fasta upphæð mánaðarlega og skuldfærir hana af E-kortinu sínu. Hann fjárfestir í Alþjóðlega hlutabréfasjóðnum sem gaf 20,15% ávöxtun á síðasta ári*. Þannig hefur Rafn á einfaldan hátt nýtt sér sterka stöðu íslensku krónunnar og eignast alþjóðlegt safn skuldabréfa.

SPRON Verðbréf eru með fimm verðbréfasjóði til sölu og eru þeir lausir til innlausnar hvenær sem er.

Viðskiptavinir SPRON Verðbréfa sem spara með E-kortinu fá 100% afslátt af sölupóknun allt árið 2006. Kynntu þér úrval sparnaðarleiða hjá SPRON Verðbréfum í síma 550 1310 eða á www.spronverdbref.is.

*Nafnvöxtun miðað við 01.08.2005–01.01.2006 á ársgrundvelli.

Ármúla 13a – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

 **spron**
VERÐBRÉF



Ástralal í írösku mútuhneyksli

Ríkisstjórn Íraks hefur frestað samningaviðræðum við ástralska hveitiútflutningsfyrirtækið AWB vegna ásakana um að AWB hafi mótað íröskum embættismönnum í valdatíð Saddams Hussein.

Forsvarsmenn AWB eru sakaðir um að hafa greitt tæpan 1,3 milljarð króna í mútur til að tryggja sér samninga við stjórn Saddams. Talsmenn AWB neita öllum ásökunum og segjast hafa haldið að um væri að ræða gjald vegna flutningskostnaðar.

Opinber rannsókn er hafin í Ástralíu á hlut AWB í málinu

og hefur forstjóri fyrirtækisins, Andrew Lindberg, nú þegar orðið að segja af sér. Stjórnarformaður AWB, Brendan Stewart, sagði ákvörðun Íraka valda sér vonbrigðum. AWB hafði áður handlað samning um innflutning á milljón tonnum af hveiti til Íraks en nú þykir ljóst að ekkert verði úr. Hlutabréf í AWB féllu um átta prósent er fréttirnar bárust.

- jsk

SADDAM HUSSEIN MEÐ HÓLK Á LOFTI Forsvarsmenn ástralska fyrirtækisins AWB eru sakaðir um að hafa greitt íröskum embættismönnum 1,3 milljarð króna í mútur til að tryggja sér viðskiptasamninga.



Hagnaður orkurisa sexfaldast

Hið rússneska Rosneft fékk olíulindir á spottprís og græðir á tá og fingri.

Hagnaður rússneska orkufyrirtækisins Rosneft nam 240 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins 2005 og er það tæplega sexföldun frá fyrra ári. Rosneft, sem er í eigu rússneska ríkisins, keypti snemma árs 2005 afnot af stærstu olíulindum Rússlands; Yuganskneftegaz-lindunum. Þær voru áður í eigu Yukos, fyrirtækis rússneska ólígarkans Mikhails Khodorkovsky sem nú situr í fangelsi í Síberíu.

Rosneft var þar til fyrir skömmu lítið fyrirtæki á rúss-

neskan mælikvarða. Það breyttist eftir að fyrirtækið komst yfir Yuganskneftegaz-lindirnar og telst Rosneft nú vera einn þriggja olíurisa Rússlands. Talið er að allt að 1,6 milljörðum olíufata sé óausið úr lindunum. Ríkisstjórn Rússlands hefur hyggst einkavæða Rosneft og má búast við

að fyrstu bréfin fari á sölu í lok þessa árs.

- jsk



HÖFUÐSTÖÐVAR ROSNEFT Í MOSKVA

Til stendur að einkavæða Rosneft og má búast við að fyrstu bréfin fari á markaði í lok þessa árs. Fyrirtækið telst einn þriggja olíurisa Rússlands.

Smásöluverslun eykst í Kína

Smásöluverslun í Kína mun nema tæplega 75 þúsund milljörðum íslenskum króna árið 2010 og vaxa um ellefu prósent frá því sem nú er, gangi spá kínverskra stjórnvalda eftir.

Ríkisstjórnin hefur undanfarið reynt að ýta undir eyðslu neytenda en Kínverjar þykja reiða sig helst til mikið á útflutning.

- jsk



FLUGVÉL JETAIRWAYS Þrátt fyrir gríðarlegan vöxt á indverskum flugmarkaði er stærsta flugfélagið í miklum vandræðum vegna samkeppni frá lággjaldaflugfélögum.

Indverskt risaflugfélag hristist í háloftunum

JetAirways glímir við lággjaldaflugfélög sem spretta upp eins og gorkúlur. Indverskur flugmarkaður vex um fimmtung á ári.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Harðnandi samkeppni meðal indverskra flugfélaga hefur komið sér illa fyrir JetAirways, sem er eina skráða flugfélagið á indverskum flugmarkaði. Vaxandi samkeppni frá nýstofnuðum lággjaldaflugfélögum hefur dregið úr tekjum og hagnaði þessa hefðbundna flugfélags.

Þegar félagið fór í hlutfjárútbóð fyrir ári síðan kostaði hluturinn 1.100 rúpíur en stendur í dag í 969 rúpíum, sem er tólf prósent lækkun. Á sama tíma hefur Sensex-markaðurinn í Bombay hækkað um helming.

Þrátt fyrir að JetAirways ráði yfir helm-

ingi markaðarins eftir nýlega yfirtöku á keppinautinum Air Sahara eru margir sérfræðingar svartsýnir á gengi félagsins, þar sem þeim finnst að fyrirtækið hafi borgað full mikið, um 30 milljarða, fyrir Air Sahara. Spá þeir meira falli hlutabréfa á næstunni.

Aðrir eru öllu bjartsýnni og benda á að leiðakerfi Air Sahara sé sterkt, enda fljúgi það til staða á borð við London, Singapur og Kúala Lúmpur og eigi auk þess ógrynni lendingarleyfa, sem eru fágæt auðlind á Indlandi.

Spádómar um meiri hremmingar JetAirways eru hálf furðulegir þegar haft er í huga að indverskur flugfélagamarkaður vex með ógnarhraða en talið er að markaður

á innanlandsflugi stækki um fimmtung á ári og utanlandsflug um annað eins. Nýríka millistéttin, sem nýtur ávaxtanna af miklum hagvexti, er skýringin á mikilli farþegaþrengingu og betri sætanýtingu. Á síðasta ári ferðudust níttján milljónir farþega með indverskum flugfélögum en því er spáð að árið 2010 verði talan komin í fimmtíu milljónir. Það er þó ekki nema brot af íbúum Indlands sem flýgur á hverju ári en einn milljarður byggir landið.

Auðvelt hefur verið að stofna flugfélög sem hafa spjarað sig vel í samkeppninni við brothætta risann. Þannig hefur lággjaldaflugfélagið Air Deccan náð tólf prósent markaðshlutdeild á aðeins tveimur árum.

Allt til
ferðalaga

Tjald-
vagnar



www.evro.is

ELLINGSEN EVRÓ

Grandagarði 2, sími 580 8500

Mark

skrifstofustólar

30%
afsláttur

Mark 30 Fullt verð 58.900 kr.
Tilboðsverð **41.230 kr.**

Á. GUÐMUNDSSON
Bæjarlind 8-10 • Kópavogi • Sími 510 7300 • www.ag.is

STOFNAD 1956

Statoil malar svart gull

Methagnaður varð af rekstri norska ríkisrisans Statoil á síðasta ári. Vandamál í Íran ollu erfiðleikum á síðasta fjórðungi.

Hagnaður norska ríkisólíurísans Statoil nam á síðasta ári tæpum 1.700 milljörðum íslenskra króna og jókst um tuttugu og þrjú prósent milli ára, Tekjur Statoil námu á sama tímabili rúmum 3.700 milljörðum og hafa aldrei verið meiri.

Hagnaður á síðasta ársfjórðungi var rúmum átta tíu milljarðar og er það talsvert minna en á sama tíma fyrir ári þrátt fyrir að tæplega þrjátíu prósent tekjuaukning hafi orðið á tímabilinu. Forsvarsmenn fyrirtækisins kenndu um vandamálum við framleiðslu í Íran.

„Síðasta ár hefur verið frábært fyrir Statoil. Árangurinn er til



INGE K. HANSEN, FJÁRMÁLSTJÓRI STATOIL, HRINGIR BJÖLLUNNI Á NASDAQ Hagnaður Statoil nam 1.700 milljörðum íslenskra króna á síðasta ári. Statoil er í sjöttu prósentu eigu norska ríkisins og er í 96. sæti á lista Forbes yfir stærstu fyrirtæki veraldar.

kominn vegna þrotlausrar vinnu starfsmanna og aukinnar framleiðni auk aðhaldssemi í fjármálum. Þá skemmdi hátt verð á olíu og gasi ekki fyrir,” sagði Helge Lund, forstjóri Statoil.

Statoil var stofnað árið 1972 og er í sjöttu prósentu eigu norska ríkisins. Statoil er í 96. sæti á lista Forbes yfir stærstu fyrirtæki veraldar. Hjá fyrirtækinu starfa tuttugu og fjögur þúsund manns í tuttugu og níu löndum.

Bréf í Statoil stóðu óbreytt í rúmum 175 norskum krónum á hlut er fréttirnar bárust. Statoil er skráð bæði í Kauphöllina í Osló og á NASDAQ-markaðinn í New York.

- jsk

ÖKUTÆKJASKRÁ HJÁ SKÝRR 15. FEBRÚAR

Örugg miðlun upplýsinga

Í Ökutækjaskrá Umferðarstofu er að finna margvíslegar upplýsingar um skráð ökutæki.

Skýrr miðlar fjölbreyttum upplýsingum úr Ökutækjaskrá í rauntíma með beinlínutengingu.

Umferðarstofa mun miðvikudaginn 15. febrúar 2006 leggja niður smásölu á upplýsingum úr Ökutækjaskrá.

Farðu á Skyrr.is og fylltu út umsókn um aðgang að Ökutækjaskrá.

Skráðu þig á skyr.is

Skýrr

skyr.is / 569 5100

Skýrr er eitt öflugasta fyrirtæki landsins á sviði upplýsingatækni, með 200 starfsmenn og 2.200 kröfuharða viðskiptavini. Starfsemi fyrirtækisins skiptist í þrjú kjarnasvið: fjarskiptalausnir, hugbúnaðarlausnir og rekstrarlausnir. Skýrr er samstarfsaðili Business Objects, Microsoft, Oracle og VeriSign. Starfsemi fyrirtækisins er vottuð samkvæmt alþjóðlega gæða- og öryggisstaðlinum ISO 9001.

Þingmenn svindla á Wikipedia

Bandarískir pólitíkusar áttu við eigin umfjallanir á Wikipedia.org. Lokað hefur verið fyrir frekari breytingar úr tölvum þingsins.

Nokkrir bandarískir þingmenn úr neðri deild hafa orðið uppvisir að því að breyta eigin umfjöllun á vefsíðunni Wikipedia.org. Wikipedia er opin alfræðiorðabók á netinu þar sem hver sem er getur skrifað eða bætt við grein um hvaða viðfangsefni sem er.

Forsvarsmenn Wikipedia tóku eftir því að átt hafði verið við umfjöllun um nokkra þingmenn, hún gerð þeim heldur hliðholl, og hófu að kanna málið. Kom í ljós að breytingarnar höfðu verið gerðar á tölvur í eigu neðri deildar bandaríska þingsins.

Meðal þingmanna sem áttu við eigin umfjallanir var hinn óháði Norm Coleman frá Minnesota;



WIKIPEDIA.ORG Wikipedia er ókeypis alfræðiorðabók á netinu. Síðan var sett á laggirnar árið 2001 og á henni eru nú tæplega tvær milljónir færsla á tvö hundruð tungumálum. Oprútnir bandarískir þingmenn hafa lært að misnota síðuna.

hann bætti við kafla um skólaár sín og sagði sig hafa verið „ungan róttækling gæddan eldmóði“ þar sem áður stóð „frjálslyndur“.

Þá höfðu skemmdar verk verið unnin á umfjöllun um fleiri þingmenn; meðal annars um repúblikanann Tom Coburn sem sagður var hafa margsinnigð unnið til verðlauna sem „mest pirrandi þingmaðurinn“. Slík kosning hafði þá aldrei farið fram.

Fram kom í yfirlýsingu frá Wikipedia að lokað hefði verið fyrir frekari breytingar úr tölvum þingsins en það þó tekið fram að flestar umfjallanir þaðan runnar væru sanngjarnar og fræðandi.

- jsk

Legospil í farsíma

Danska hugbúnaðarfyrirtækið Kiloo kynnir á 3GSM kaupstefnunni í Barcelona fótboltasílu í farsíma sem byggir á Lego. Að sögn Computerworld í Danmörku er búist við að leikurinn rokseljist. Á einu ári er búist við að salan verði á milli 5 og 10 milljónir eintaka.

Jacob Møller, framkvæmdastjóri Kiloo, sem er með aðsetur í Árósum, kynnir í Barcelona samning við amerískt dreifingarfyrirtæki sem tryggja á söluna. Kiloo keypti í fyrra af breska fyrirtækinu Giant réttinn til að þróa farsímaspil byggt á Lego þar til í júní 2008. - óká

Nefertiti hugsanlega fundin

Fornleifafræðingar rákust á ævafornt grafhýsi fyrir tilviljun. Hugsanlegt er að Nefertiti Egyptadrottning leynist meðal múmíanna.

Fornleifafræðingar hafa uppgötvað ævafornt grafhýsi í Dal konunganna nálægt Luxor í Egyptalandi. Jafnvel er talið að það sé grafhýsi Nefertiti drottningar.

Alls fundust fimm múmíur og nokkrar steinkistur alsettar skarti auk ættarinnisigla konungborinna. „Við vitum ekki enn hverjir þetta eru en það er greinilegt að fólkíð hefur verið aðalborið. Það er hugsanlegt að um það sé Nefertiti og fylgdarlið,“ sagði Zahi Hawass fornleifafræðingur.

Þýski fornleifafræðingurinn Ludwig Borchardt fann stytta af Nefertiti árið 1912 og er hún varðveitt í egyptiska safninu í Berlín.

Nefertiti var gift faraónum Amenthotep IV og átti með honum sex dætur. Hún var af mörgum talin fegursta kona fornaldar.

Nefertiti hvarf skyndilega af sjónarsviðinu árið 1358 fyrir Krist og eru uppi margar kenningar um hvarf hennar. Ein segir Nefertiti hafa látist skyndilega og að faraóinn hafi, frá sér numinn af sorg, bannað þegnum sínum að nefna hana á nafn.

Þetta er 63. grafhýsið sem uppgötvast í

BRJÓSTMYND AF NEFERTITI, FEGURSTU KONU FORNALDAR Fimm múmíur fundust á dögnum í grafhýsi nálægt Luxor í Egyptalandi. Múmíunum fylgdu steinkistur alsettar skarti auk ættarinnisigla konungborinna. Fornleifafræðingar telja jafnvel að ein múmían sé af drottningunni goðsagnakenndu Nefertiti.



EGYPSK MÚMÍA Fimm múmíur fundust á dögnum í grafhýsi nálægt Luxor í Egyptalandi. Múmíunum fylgdu steinkistur alsettar skarti auk ættarinnisigla konungborinna.

Dal konunganna en margir höfðu talið að dalurinn væri orðinn þurrausinn. Grafhýsið fannst neðanjarðar einungis fimm metrum frá gröf hins víðfræga Tutankhamuns.

Fornleifafræðingarnir voru raunar að vinna við hreinsunarstörf þegar þeir rákust á grafhýsið og því kom fundurinn þeim gersamlega í opna skjöldu „Mér finnst líklegt að múmíurnar hafi verið færðar hingað svo þær féllu ekki í hendur grafarræningja. Nefertiti var einmitt flutt einhvern tíma fyrir löngu og líklega hingað, í Dal konunganna,“ sagði einn leiðangursmanna. - jsk



VOLVO S40

VOLVO V50

VOLVO S60

VOLVO V70

VOLVO S80

VOLVO XC70 AWD

VOLVO XC90 AWD

VELDU VOLVO S40. FALLEG STÆRÐFRÆÐI.

Volvo S40 er hátækni. Gott dæmi um fallega stærðfræði og verkfræðilega snilld. Fullur af orku. Búinn fádæma aksturs-eiginleikum. Þú finnur ekki fyrir hreyfingu Volvo S40 á jöfnum hraða. Aðeins fyrir veginum. Afstætt lögmál. Þú sérð umhverfið líða framhjá; hefur kannski á tilfinningunni að billinn sé kyrr og jörðin á hreyfingu. Draumabíll.

Reynsluaktu draumabíll bílblaðamanns Morgunblaðsins: „Volvo hefur nefnilega tekist það sem margir hafa áður reynt og flestir án árangurs; að smíða gæðabil án þess að slá nokkuð af kröfunum en um leið að stilla verðinu í hóf.“ Komdu í Brimborg. Skoðuðu fallegt dæmi um áratuga umhyggju Volvo fyrir öryggi fjölskyldunnar. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo.

Verkfræðileg snilld einkennir Volvo S40

Berðu saman verð og gæði. Berðu saman staðalbúnað Volvo S40 við staðalbúnað í öðrum lúxusbílum. Þú finnur WHIPS bakhykksvörn, SIPS hliðarækstrarvarnarkerfi og spólvörn með stöðugleikastýringu í Volvo S40. Einnig ABS hemlakkerfi með EBD hemlajöfnun, 4 loftpúða auk hliðarloftpúða, tölvustýrða loftkælingu með hitastýringu, hágæða hljómlutningstæki með 8 hátölurum, rafdrifnar rúður, upp-hituð sæti, 16" álfelgur og margt fleira. Sjó hátæknivélar standa þér til boða. Bensin eða dísil. Komdu í Brimborg.

EuroNCAP öryggisstofnunin verðlaunaði Volvo S40 með bestu einkunn (5 stjörnur), sama gerði US NCAP. Breska bílblaðið Auto Express mat Volvo S40 sem besta bílinn í sínum flokki lúxusbíla; betri en BMW 3 series og Jaguar X-type. Volvo S40 er besti kosturinn að mati bandaríska vegaöryggiseftirlitsins (IIHS) og sænska tryggingafélagið Folksam verðlaunaði Volvo S40 fyrir að vera með bestu háls- og bakhykksvörnina. Öryggi er lúxus. Veldu Volvo!

Komdu í Brimborg. Spurðu söluráðgjafa Volvo á Íslandi um verð og gæði. Við gerum þér gott tilboð um staðgreiðsluverð fyrir gamla bílinn.



Finndu fegurðina sem býr í gæðum einfaldleikans. Skoðuðu nýtt stjórnborðið sem ekki átti að vera hægt að framleiða.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.volvo.is

GGI ALMANNATENSIL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Volvo S40 bensín. Verð frá 2.395.000 kr.*

Volvo S40 dísil. Verð frá 2.765.000 kr.*



SLY STALLONE MEÐ ELSKUNNI SINNI Evrópubúar virðast enn spenntir fyrir stefnumótasíðum á internetinu, en Bandaríkjamenn ekki. Sly kynntist Jennifer Flavin upp á gamla máttann.

Bandaríkjamenn lausir úr ástarneti

Evrópubúar leita enn ástarinnar á netinu. Bandaríkjamenn snúa sér að klassískum aðferðum í auknum mæli.

Áskrifendum stefnumótasíða á netinu fjölgaði um 43 prósent í Evrópu á síðasta ári. Er það töluvert minni vöxtur en í fyrra þegar áttatíu prósent aukning varð milli ára. Sömu sögu er ekki að segja af Bandaríkjunum, en þar fækkaði áskrifendum milli ára í fyrsta skipti.

Tæplega fimm prósent netnotenda í Bandaríkjunum borga áskriftargjald að stefnumótasíðum reglulega, en í fyrra var hlutfallið sex prósent. Neytendur bera því við að áskriftargjald sé of hátt auk þess sem vonlítið sé að finna ástina á netinu.

„Svo virðist sem bandaríski markaðurinn sé mettur. Sá evrópski á hins vegar enn nokkuð inni en ég tel að þess sé ekki langt að bíða að við sjáum svipaða þróun og í Bandaríkjunum,“ sagði Nate Elliott hjá tölfræðifyrirtækinu Jupiter Research.

Elliott sagði slæga frammistöðu nýrra stefnumótahjónusta, á borð við MSN MySpace, vekja athygli. „Nýrri fyrirtækin virðast hvorki búa yfir þekkingu né tækni til að finna fólki heppilega maka.“

- jsk

SÖGUHORNID

Stofnandi Tiffany & co. fæðist

Gullsmiðurinn Charles Lewis Tiffany, annar stofnandi hinnar víðfrægu Tiffany's-skartgripaverisluar í New York, fæddist 15. febrúar árið 1812. Tiffany þótti snemma mikill handverksmaður en var einnig þekktur fyrir að gefa út fyrsta pöntunarbækling sem sendur var í heimahús í Bandaríkjunum.

Tiffany stofnaði síðan verslun sína, Tiffany & co., árið 1837 ásamt félaganum John B. Young. Fyrsta verslun þeirra var á Broadway og gátu þeir sér gott orð fyrir vandaða vöru.

Tiffany og Young beittu öðrum viðskiptaháttum en þekkt höfðu í skartgripabransanum fram að þessu; hver gripur hafði fast verð og ekki var hægt að prúttu. Það virtist þó ekki koma illa við viðskiptavinina og sló verslunin fljótlega í gegn meðal ríka og fræga fólksins. Árið 1853 keypti Tiffany Young út úr fyrirtækinu og var einráður allt til dauðadags.

Tiffany & co. rekur í dag verslanir víða um heim. Flaggskipverslun fyrirtækisins er við Fifth Avenue í New York og nýtur hún mikilla vinsælda meðal ferðamanna. Verslunin er ekki síst fræg fyrir myndina Breakfast at Tiffany's þar sem stórstirnið Audrey Hepburn lék unga konu sem vandi komur sínar í verslunina.

Tiffany framleiðir þó ekki eingöngu skartgrip heldur einnig húsbúnað ýmiss konar.

Þá hefur fyrirtækið tekið að sér að útbúa marga frægustu verðlaunagrip bandarískra íþrótta; svo sem NBA-meistarabikarinn auk Vince Lombardi bikarsins sem fellur í skaut sigurvegara bandarísku NFL-ruðningsdeildarinnar.

Árstekjur Tiffany & co. námu á síðasta ári um hundrað

og fimmtíu milljörðum króna, en hjá fyrirtækinu starfa sjö þúsund manns víðsvegar um heim. Forstjóri Tiffany & co. er Michael nokkur Kowalski og höfuðstöðvarnar eru sem fyrr í New York.

Charles Lewis Tiffany lést 18. febrúar 1902.

- jsk



TIFFANY & CO.



VOLVO
for life

Öll erum við einstök, hver og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmar okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þan hátt að þú lítir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið.



Öruggur staður til að vera.

Franska ofurkonan í stjórn Alfesca

Í stjórn hins nýnefnda Alfesca situr franska athafnakonan **Nadine Deswasiere**. Hún var stödd hér á landi í vikunni sem leið til að vera viðstödd stjórnarfund og kynningu á nýju nafni fyrirtækisins. **Hólmfríður Helga Sigurðardóttir** krækti sér í spjall við konuna sem státar af glæstum starfsferli.

Nadine Deswasiere á að baki starfsferil sem flestir myndu vera stoltir af. Eftir að hafa lokið háskólanámi varð hún markaðs- stjórnari franskrar auglýsingastofu þáðan sem hún landaði fyrsta stóra starfinu sínu hjá einum af kunnnum sínum, matvælaframleiðandanum Campbell Soup. Eftir fjögur ár þar krækti svissneska stórfyrirtækið Nestlé í hana og átti hún eftir að vinna ýmis störf fyrir það á næstu sextán árum. Hún byrjaði í Frakklandi þar sem hún var yfir markaðs- og sölumálum og fluttist svo í höfuðstöðvarnar í Sviss þar sem hún varð yfirmaður samrunaferla fyrir sælgætisgerðir í Mið- og Austur-Evrópu. Þegar hún kom til starfa hafði Nestlé 5.000 tonn í útflutningi til þessa svæða. Premur árum síðar framleiddi Nestlé 150 þúsund tonn á svæðinu.

SEX BOÐLEIÐA HERTÆKNIN

Eftir þetta góða gengi var Nadine flutt til Kuala Lumpur í Malasíu þar sem hún sá um allar sælgætisverksmiðjur á Suðaustur-Asíusvæðinu. Hún byggði upp sex lið skipuð fólki víðs vegar að af svæðinu sem hafði bækistöðvar í Malasíu. Liðin sköpuðu „sex boðleida hertæknina“ með það að markmiði að nýta hverja boðleidd sem til væri, ekki bara til stórverslana. „Þessi leikaðferð gengur út á að þú eigir að geta nálgast vöruna hvar sem þú ert, nema kannski á almenningsklósettum,“ segir Nadine hlæjandi.

Þessi aðferð gekk vel og Nestlé varð helsti samkeppnisaðili Cadbury's á svæðinu. „Þetta eru svæði sem heyrðu undir breska samveldið. Súkkulaðiþragð er nokkuð sem maður elst upp með. Ef þú ert vanur ákveðnu bragði er mjög erfitt að breyta smekk þínum,“ segir Nadine. „Við náðum góðum árangri og fljótt var ný verksmiðja opnuð. Þetta gerdist allt saman mjög hratt, sem er líka það skemmtilega við Asíu. Fólkið þar er svo vinnusamt, klukkan 10 á kvöldið þurfti ég nánast að þína það til að fara heim til sín. Okkur tókst að koma hugmyndum á koppinn og sjá árangurinn af þeim mjög hratt,“ segir Nadine.

FRÁ MALASÍU TIL BÚLGARÍU

Nadine bjó í þrjú ár í Malasíu, þangað til henni var falið að fara til Búlgaríu þar sem Nestlé rak verksmiðju sem til stóð að loka. Hún fékk sex mánuði til að sjá hvort möguleiki væri á að snúa við rekstrinum. Það tókst og þegar hún fór þaðan var Nestlé komið í sextíu prósentu vöxt á svæðinu og verksmiðjan fékk að standa. „Þarna voru 600 manns í vinnu og því gladdi þetta mig mjög mikið,“ segir Nadine og segist láta sig varða hag fólksins þar sem hún er við störf, ekki síst í löndum eins og Búlgaríu þar sem þjóðfélagsaðstæður eru erfiðar.

Eftir þessa frammistöðu lá leið Nadine til Rússlands þar

sem hún varð framkvæmdastjóri sælgætisgerðar og stjórnaði yfir 1.500 starfsmönnum. Meðal þess sem hún gerði þar var að fækka dreifingaraðilum úr 200 í 70. Það olli mikilli reiði meðal þeirra og þurftu Nadine og samstarfsfólk hennar um tíma að hafa vopnaða verði í kringum sig enda bárust þeim reglulega hótunarbref frá birgjum sem töldu sig hlunnfarna. Þeir sjöttu birgjar sem eftir stóðu voru hvattir til þess að fjárfesta í dreifingarleiðunum og leggja sig alla í að ná til kunnans í stað þess að „bíða eins og feitir kettir“ eftir því að varan seldist.

GOTT SIÐFERÐI FRAMAR ÖLLU

Eftir að hafa lifað og starfað víðs vegar um heim sneri Nadine aftur til Frakklands. Í fyrra ákvað hún svo að söðla um, eftir sextán ár hjá Nestlé, og stofnaði sitt eigið ráðgjafarfyrirtæki undir nafninu EthiConseil. Vísar nafnið til góðs siðferðis og leggur hún áherslu á að fyrirtæki nái árangri og haldi áfram vexti á ábyrgan og siðferðislegan hátt. „Á þroskuðum mörkuðum er oft erfitt að vaxa en það er vel hægt, bæði með innri og ytri vexti. Með innri vexti er til að mynda hægt að vaxa í gegnum nýsköpun. Algengt er að fólk hafi hugmyndir en nýsköpun snýst ekki bara um það. Hún snýst um að koma réttu ferli í gang til að þróa ákveðið kerfi fyrir næstu árin. Og þarna kem ég að með strategískum leiðbeiningum sem ég þróa með fólki innan fyrirtækisins sem utan þess.“ EthiConseil er jafnframt sérhæft í dreifingunni. Í Frakklandi hafa dreifingaraðilar mikið vald sem getur falið í sér hættur fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. „Ef þú ert með minna þekkt vörumerki og stórir dreifingaraðilar, líkt og Carrefour, ákveða að skilja við þig, þá ertu svo gott sem dauðadæmdur. Það er algengt að 30 til 40 prósent af sölu séu hjá þessum stóru aðilum.“ Vinna Nadine felst í að minnka áhættu fyrirtækjanna og finna aðrar dreifingarleiðir, eins og hún hafði gert í sælgætisgeiranum.

EthiConseil veitir líka ráðgjöf varðandi ytri vöxt, til dæmis með landfræðilegum vexti, ekki einungis með útflutningi heldur með því að framleiða erlendis. Nadine leggur áherslu á að hún ráðleggi fyrirtækjum ekki að loka verksmiðjum sínum í Frakklandi til að flytja annað. Hluti af því að halda áfram að vaxa sé hins vegar að fara inn á nýja markaði. Á þessum mörkuðum komi fyrirtækin með gæðastaðla og -venjur sem séu viðkomandi landi til góðs og hjálpi þeim í þróun sinni. Þannig skapist aðstæður sem séu báðum til góða.

HREIFST AF SKÝRRI STEFNU SÍF

En hvernig skyldi það hafa komið til að Nadine gekk til liðs við stjórn SÍF? „Mér var boðið viðtal



ÓLAFUR ÓLAFSSON, ABALSTEINN INGÓLFSSON, NADINE DESWASIERE, GUÐMUNDUR HJALTONSON OG HARTMUT M. KRÄMER Í STJÓRN ALFESCA Nadine Deswasiere og Hartmut M. Krämer voru kosin í stjórn SÍF í mars 2005 en bæði hafa þau mikla reynslu af sölu- og markaðsmálum á smásölumarkaði víðs vegar um heim.

við forsvarsmenn SÍF varðandi stjórnasetu þar. Þegar ég hitti Ólaf Ólafsson, stjórnarformann SÍF, sá ég hversu áreiðanlega, sterka og ekki síst skýra hugmynd stjórnendur höfðu um stefnu fyrirtækisins - að færa sig frá fyrra skipulagi og yfir á arðbærari markaði. Það kveikti hjá mér áhugann. Þetta er líka það sem ég hef verið að gera allt mitt líf og ég hef því ýmislegt til málanna að leggja.“

Nadine tók þátt í hugmynda- vinnu á nýju nafni SÍF, Alfesca. Nýtt nafn félagsins er samsett úr grísku og latínu. Alpha er fyrsti stafur gríska stafrófsins, festivus merkir veisla eða hátíð og esca tengist matvælum. Nafnið á að vera táknrænt fyrir sýn fyrirtækisins, sem er að verða leiðandi fullvinnslu- og markaðsfyrirtæki á tilbúnum neysluvörum. Nadine segir að Íslendingar ættu að vera stoltir af Alfesca. Það hafi komið Frökkum í opna skjöldu þegar þetta íslenska fyrirtæki yfirtók Labeyrie, sem var meðal annars númer eitt í Evrópu í foie gras og laxi. Það hafi ef til vill verið fyrsta skref SÍF í þá átt að vera leiðandi á völdum sviðum matvæla.

KONUR PURFA AÐ BERJAST GEGN STAÐALÍMYNDUM

Engum hefur dulist að hlutur kvenna í stjórn fyrirtækja er heldur rýr. Sama er uppi á teningnum hvar í heiminum sem mann ber niður. „Konur þurfa að berjast,“ segir Nadine þegar hún er spurð um hug sinn til þessa málefns. „Það er ekki boðlegt

hversu fáar konur eru í stjórnun og æðstu stjórnunarstöðum fyrirtækja, ekki síst þegar lítið er til þess hversu ráðandi konur eru í kaupum á flestum neysluvörum. Konur eiga ekki að setta sig við staðhæfingar á borð við að þetta sé til komið af því við þurfum að eiga og sjá um börnin.“ Hún bendir á að í dag hafi konur alla burði til að takast á við sömu störf og karlar. Þær hafi réttu gráðurnar og rétta bakgrunninn og um leið og þær heyri staðhæfingar af þessu tagi þurfi þær að rísa gegn þeim. „Þetta er bara spurning um skipulagningu, það er til dæmis hægt að hafa föstru á heimilinu. Það þýðir ekki að þú sért slæm móðir,“ segir Nadine, sem sjálf á tvær dætur með búlgörskum eiginmanni sínum.

Hefur hún sjálf fundið fyrir fordómum af þessu tagi? „Já, auðvitað, ég hef barist gegn þessum hugmyndum allt mitt líf. Það er sérstaklega svo margt sem ekki er sagt og það er það versta. Það er svo erfitt að eiga við það sem liggur undir niðri,“ segir Nadine. Svo er hún þotin á kynningu nýja nafnsins en bætir við að lokum að það sé mikilvægt fyrir alla að vera vel á verði gagnvart umhverfi sínu. Þetta sé bara eitt atriði í viðbót sem konur þurfi að taka með í reikninginn.




JAKOB ÓSKAR SIGURÐSSON, FORSTJÓRI SÍF SEM NÚ HEITIR ALFESCA SÍF fékk nýtt nafn á föstudaginn. Nafnið er táknrænt fyrir sýn fyrirtækisins, sem er að verða leiðandi fullvinnslu- og markaðsfyrirtæki á tilbúnum neysluvörum.

Nadine bjó í þrjú ár í Malasíu, þangað til henni var falið að fara til Búlgaríu þar sem Nestlé rak verksmiðju sem til stóð að loka. Hún fékk sex mánuði til að sjá hvort möguleiki væri á að snúa við rekstrinum. Það tókst og þegar hún fór þaðan var Nestlé komið í sextíu prósentu vöxt á svæðinu og verksmiðjan fékk að standa.

Heildarlausnir

Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta

A góðum járnnum



HÉÐINN

Stóras 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is

PEUGEOT 407

TÖLUM UM HRÍFANDI ÖRYGGI

Meistarahönnun Peugeot 407 uppfyllir ítrustu væntingar beggja hliða hugans



Peugeot 407 frá kr. **2.135.000**
kr. 22.188 á mánuði *

Peugeot 407 SW frá kr. **2.295.000**
kr. 23.839 á mánuði *

www.peugeot.is



Sjaldan hefur fimm stjörnu öryggi verið eins fallega hannað og Peugeot 407 - meistarahönnun sem setur fjölskyldubílnum nýjan staðal. Feiknalangur listinn yfir staðalbúnað er einungis toppaður af enn glæsilegri lista yfir öryggisbúnað. Þú velur vélar og búnað eftir óskum og þörfum en hrifandi útlitið er alltaf staðalbúnaður. Komdu og upplifðu einstakan samhljóm í sportlegum aksturseiginleikum, öryggi og fegurð – sem fær báðar hliðar hugans til að segja: - Já. Útfærslunni ræður þú, þannig að við höfum margt að tala saman um. Líttu inn og tölum um Peugeot 407 – flottasta ljónið á veginum

407



* Bilasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum



BERNHARD ehf. • Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100

Umboðsaðilar:

Reykjanesbær, **Bilavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bilver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535

FISKVEIÐAR OG FJÁRMÁLASTARFSEMI Á bak við skipin má sjá glitta í Seðlabankann. Á nýafstöðnu viðskiptaþingi var velt upp hugmyndum um grunnatvinnuvegi framtíðarinnar og voru hugleiðingar um að koma hér á fót fjármálamiðstöð áberandi. Þá var og rætt um nauðsyn þess að afnema takmarkanir á fjárfestingum útlendinga hér, svo sem í sjávarútvegi.

MARKAÐURINN/VALLI



Ísland framtíðarinnar verði í f

Á næsta áratug sér framtíðarhópur Viðskiptaráðs fyrir sér að Ísland verði samkeppnishæfas þessu geti orðið þarf að gera ákveðnar breytingar, meðal annars skal þjóðin verða tvítýngd. sér framtíðarsýn Viðskiptaráðs. Þröskuldarnir á leiðinni eru sagðir dýrtíð og lágt hlutfall útfl

Horft var til framtíðar á nýafstöðnu Viðskiptaþingi Viðskiptaráðs Íslands, en þó ekki lengra en til ársins 2015. Á þinginu var kynnt metnaðarfullt markmið um að árið 2015 yrði landið það samkeppnishæfasta í heimi, en síðustu ár höfum við mjakast æ ofar á lista þjóða þar sem borin er saman samkeppnishæfni. Kynnt var skýrsla framtíðarhóps Viðskiptaráðs og Háskólans í Reykjavík þar sem fjallað er um hvað þurfi til svo að þessu markmiði verði náð, en kallaður var til fjöldi forystumanna úr viðskiptalífni, háskólum og menningarstofnunum til að ræða framtíðina.

Jón Karl Ólafsson, fráfaraandi formaður Viðskiptaráðs, áréttaði reyndar í ræðu sinni á viðskiptaþingi hversu erfitt það væri að ætla að spá fyrir um framtíðina. Hann benti á að fyrir um tíu árum síðan hefði verið talið fásinna að spá því að á áratug mætti tvöfalda fjölda háskólanema, að árlegur hagnaður viðskiptabankanna næmi um tíu prósentum af landsframleiðslu,

að Ísland yrði fjórða samkeppnishæfasta land í heimi eða að erlendir starfsmenn íslenskra fyrirtækja yrðu meira en fimmtungi fleiri en næmi samanlagðri íbúatölu Kópavogs, Seltjarnarness, Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Mosfellsbæjar, Grindavíkur, Akraness, Ísafjarðar, Vestmannaeyja og Reykjanesbæjar. Hann sagðist hins vegar telja að í framtíðarskýrslu Viðskiptaráðs væru sett fram raunhæf markmið. Þá sagði hann ráðið myndu beita sér fyrir því að á þessu ári færi fram umræða á ýmsum sviðum þjóðlífsins um langtímastefnumótun fyrir landið.

UMBÆTUR Í STJÓRNKERFINU

Í framtíðarskýrslunni er lögð áhersla á ein-

földun stjórnkerfisins og að áfram verði haldið með skattalækkanir sem skilað hafi miklum og góðum árangri í eflingu atvinnulífsins.

„Innleiðing EES-samningsins hefur haft mjög mikil og ráðandi áhrif á starfsumhverfi íslenskra fyrirtækja. Að sama skapi má slá því föstu að skattalækkanir á fyrirtæki hér á landi úr 30 í 18 prósent voru sennilega bestu og árangursríkustu aðgerðir stjórnvalda í seinni tíð. Með aðgerðinni sýndu stjórnvöld þá víðsýni og stefnufestu, sem nauðsynleg er til að betrumbæta rekstrarumhverfi fyrirtækja í landinu og bæta þannig samkeppnisstöðu þeirra, sérstaklega á alþjóðavettangi,“ sagði Jón Karl í ræðu sinni á þinginu. Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB banka, bætti um betur í pallborðsumræðum og sagði stjórnvöld eiga að taka þann pól í hæðina að lofa því að hér yrðu alltaf lægstir fyrirtækjaskattar í Evrópu. Hann gerði umbætur í stjórnkerfinu einnig að umræðuefni og benti á að sumar þeirra væru tiltölulega einfaldar og ætti að vera auðvelt að kippa í liðinn. Hann sagði til dæmis alveg nauðsynlegt að stjórn-sýslan yrði tvítýngd. „En það er skammarlegt hvernig við stöndum í þeim málum í dag,“ sagði hann og benti á að ef laða ætti hingað útlendinga með starfsemi sína þyrftu þeir að geta sinnt erindum og áttað sig á greiðan hátt á því umhverfi sem rekstri þeirra væri hér búinn.

Á svipuðum nótum talaði Jón Karl og benti á að á síðustu fimm árum hefðu Danir, Svíar, Hollendingar, Belgar, Ástralar og Írar komið á viðtækum umbótum á skattkerfi og rekstrarumhverfi fyrirtækja til að laða til sín aukna starfsemi á sviði alþjóðlegra fjármála. „Þjóðirnar hafa gengið mislangt í umbótunum, en íslensk stjórnvöld eiga að setja sér það metnaðarfulla markmið að fylgjast



Í KENNSLUSTOFUNNI Fjallað er nokkuð ítarlega um menntakerfið í skýrslu framtíðarhóps Viðskiptaráðs sem kynnt var á viðskiptaþingi í síðustu viku. Eins viðruðu frum-mælendur á þinginu skoðanir sínar á því hvernig málum yrði best fyrir komið hér og töldu að efla þyrfti menntakerfið.

MARKAÐURINN/VALLI

vel með þessari þróun og ná um það breiðri sátt að ganga helst aldrei skemur en viðmiðunarþjóðir okkar þegar kemur að umbótum í stjórnsýslunni,“ sagði hann og taldi að hér ætti að stefna að því að „draga vagninn í alþjóðlegu samhengi, í stað þess að sigla aðeins í kjölfar annarra þjóða.“

Framtíðarhópur Viðskiptaráðs segir mikið svigrúm til fækkunar bæði ráðuneyta og stofnana, en nú eru starfandi hér fjórtán ráðuneyti sem fyrir fara tólf ráðherrar. „Oft hafa stjórnálmamenn gengið fram fyrir skjöldu með háleitar hugmyndir um

að sameina ráðuneyti og fækka þeim. Aldrei hafa slíkar hugmyndir náð fram að ganga,“ segir í skýrslu hópsins sem leggur til tvær leiðir í fækkun ráðuneyta. Önnur gerir ráð fyrir að þeim verði fækkað í ellefu, en hin að ráðuneytin verði sjö: Forsætisráðuneyti; dóms- og kirkjumálaráðuneyti; velferðarráðuneyti, sem tæki yfir verkefni félags-, heilbrigðis- og

FÓLK Í REYKJAVÍK

Samkvæmt upplýsingum Viðskiptaráðs er í höfuðborginni fólk frá 120 löndum. Hér fara á eftir níu fjölmennustu hóparnir.

Pólverjar	430
Filippseyingar	400
Danir	360
Fv. Júgóslavía	340
Bandaríkjamenn	300
Taílendingar	270
Litháar	250
Þjóðverjar	200
Vietnamar	200

SKATTAR Á FYRIRTÆKI

Ísland	18,0%
Hong Kong	17,5%
Chile	17,0%
Rúmenía	16,0%
Ungverjaland	16,0%
Litháen	15,0%
Lettland	15,0%
Búlgaría	15,0%
Írland	12,5%
Kýpur	10%



Fararbroddi

ta land í heimi. Til að af
Óli Kristján Ármannsson kynnti
tningis í alþjóðaviðskiptum.

tryggingamála; fjármálaráðuneyti, sem tæki að auki yfir Hagstofuna og viðskiptaráðuneyti; atvinnuvegaráðuneyti, sem samanstæði af ráðuneytum landbúnaðar, sjávarútvegs, samgangna, umhverfis og iðnaðar; menntamálaráðuneyti og utanríkisráðuneyti. Þá gagnrýndi Viðskiptaráð þá útgjaldaaukningu sem skipulags- og nafnabreytingar opinberra stofnana virtust hafa haft í för með sér, en í skýrslu framtíðarhópsins er bent á að Landspítali - háskólasjúkrahús kosti sex prósentum meira en spítalarnir tveir gerðu áður, að 60 prósentum dýrara sé að hafa Lyfjastofnun, í stað Lyfjaeftirlits og Lyfjanefndar áður, að kostnaður hafi meira en sjöfaldast þegar Tölvunefnd varð að Persónuvernd og helmingi dýrara sé að reka Umferðarstofu en bæði Umferðarráð og Skráningarstofu áður. Þá er talinn til fjöldi annarra dæma. Samtals eru sameiningar og nafnabreytingar sagðar hafa kostað skattgreiðendur 1,8 milljarða króna, en opinberar stofnanir séu riflega þúsund talsins.

MÖGULEIKAR MEÐ FJÁRMÁLAMIÐSTÖÐ

Í skýrslu framtíðarhóps Viðskiptaráðs segir að á fundum hans hafi komið fram vilji til að nýta þann meðbyr sem íslenskt viðskiptalíf nýtur og markaðssetja landið sem alþjóðlega miðstöð fjármála og þjónustu. „Mikill virðisauki fylgir fjármálaþjónustu af hvers kyns tagi, sama hvort rætt er um ráðgjöf, tryggingastarfsemi, fjármögnun, lífeyrissjóði, rekstur eignarhaldsfélaga eða aðra þjónustu á þessu sviði.

Mikill virðisauki í atvinnugrein hefur jákvæð áhrif á þjóðarþúið í heild enda er fjármagn hagkerfis nýtt á skilvirkan máta í arðbærum fjárfestingum,“ segir í skýrslunni. Bent er á að Ísland sé með sjöundu hæstu landsframleiðslu á mann mælda í Bandaríkjadöllum og sagt að athygli vekji að flestar þjóðirnar í sætunum fyrir ofan landið eigi það sameiginlegt að hafa gert gangskör að endurbótum í skattamálum og megi flokka sem alþjóðlegar fjármálamiðstöðvar. „Menn

geta svo spurt sig hvort tilviljun ein ráði því að lífsgæði þar séu meiri en meðal annarra þjóða.“ Löndin sex sem eru fyrir ofan Ísland eru Lúxemborg, efst á blaði, en þar fyrir neðan í rétttri röð, Noregur, Frakkland, Sviss, Írland og Danmörk. Það er sagt mikilvægt að fylgjast með alþjóðlegri þróun og koma í veg fyrir tæknilegar hindranir á fjárfestingum erlendra aðila.

Umbætur í skattkerfinu sem laða eiga hingað fjárfesta og fjármálastarfsemi eru sagðar líklegar til að styðja enn frekar við önnur fyrirtæki á sviði sérfræðiþjónustu, enda krefjast fjármála- og eignaumsýsla þátttöku lögfræðinga, endurskoðenda, markaðsfyrirtækja, tæknifyrirtækja og annarrar sérhæfðar þjónustu. „Að mörgu leyti má draga lærdóm af útrás íslenskra fyrirtækja sem hefur haft mikil áhrif á vöxt stöðþjónustu sérfræðinga af ýmsum toga. Að sama skapi átti svipuð þróun sér stað í Finnlandi og Svíþjóð þegar fjarskiptarisarnir Nokia og Ericsson stækkðu ört og vöxtur þeirra studdi við vöxt smærri þjónustufyrirtækja,“ segir í framtíðarskýrslunni.

„Uppbygging landsins sem miðstöðvar fjármála og þjónustu krefst þess að löggjöf um rekstur fyrirtækja verði eins og best verður á kosið og í skattamálum dugar ekkert hálfkák. Íslensk fyrirtæki verða að standa að minnsta kosti jafnvígis eða betur okkar helstu erlendu samkeppnisaðilum á sem flestum sviðum,“ sagði Jón Karl Ólafsson í ræðu sinni á viðskiptaþinginu.

HEIMURINN ER AÐ MINNKA

Í skýrslu framtíðarhópsins er lögð áhersla á að hingað til lands fáist hæfasta fólkið. Bent er á að heimurinn sé að minnka og landið því að færast nær öðrum. „Þekking á erlendum tungumálum fer vaxandi um allan heim, sem auðveldar fólki að ferðast um önnur lönd og jafnvel setjast þar að. Íslendingar hafa ekki farið varhluta af þessari þróun og eru í síauknum mæli að sækja sér menntun og störf erlendis,“ segir í skýrslunni og þróunin talin auka bæði þekkingu og víðsýni landans. Um leið er bent á að þessi þróun sé ekki einhliða heldur sækir útlendingar að sama skapi í auknum mæli í störf og menntun hér á landi. Er það að sama skapi talið jákvætt og ýta undir þekkingu og víðsýni, þótt til séu efasemdaraddir í þeim efnunum. „Horfa menn til annarra Evrópulanda og segja hættu á að útlendingavandamál skapist hérlendis. Staðreyndin er hins vegar sú að heimavandamál eru jafnalgeng og útlendingavandamál. Stór hluti slíkra vandamála er til dæmis oft að sumir heimamenn eru ekki nægjanlega víðsýnir til að taka vel á móti útlendingum og líta á þá sem jafningja.“ Varað er við því að ofvaxin velferðarkerfi geti orsakað vandamál og sagt að í Danmörku sé hægt að lifa á bótum sem fólk fær fyrir að eiga börn og hunda. „Á meðan Íslendingar taka útlendingum vel og hafa gott velferðarkerfi sem er ekki vinnulettandi er óþarfi að hafa áhyggjur af vandamálum á þessu sviði.“

Fram kemur að í Reykjavík búi fólk af 120 þjóðernum, en af nýu fjölmennustu þjóðernunum búa 2.750 í Reykjavík, þar af 1.580 Evrópumenn, 870 frá Asíu og

300 Bandaríkjamenn. Fjölmennastir eru Pólverjar, um 430 talsins, en þar á eftir koma Filippseyingar og svo Danir í þriðja sæti. Á viðskiptaþingi voru áberandi umræður um menntakerfið og annmarka þess. Viðráðar voru hugmyndir um að ættu Íslendingar að standa sig í samkeppni þjóða þá þyrftu þeir helst að vera tvítýngdir og af þeim sökum ætti að byrja hér tungumálakennslu mun fyrr en nú er gert. „Það leikur enginn vafi á því að útrás íslensks atvinnulífs byggist öðrum þræði á vitundarvakningu um efnahagslíf annarra landa. Það sem kallað hefur verið menningarlausni, þekking okkar á síðum og venjum í öðrum löndum, er og undirstaðan að góðum árangri útrásar. Tungumálakunnátta er forsenda þess að vel gangi. Það er liðinn sá tími er einföld enskukunnátta í bland við þokkalega skandínávíska dugi í flestum samskiptum íslenskra athafnamanna við útlönd. Til framtíðar þarf að horfa til stærri málsvæða,“ segir í skýrslu framtíðarhópsins.

Þá hafði Jón Karl Ólafsson orð á mikilvægi þess að hér væru alþjóðlegir skólar. „Allar hugmyndir sem miða að því að fá erlenda sérfræðinga til starfa á Íslandi hvíla á þeirri forsögu að börn þeirra geti stundað nám í alþjóðlegum skólum á öllum menntastigum. Það er til lítills að ræða um alþjóðavæðingu íslensks viðskiptalífs ef aðstæður á landinu koma í veg fyrir að fagfólk geti komið til landsins með fjölskyldur sínar,“ sagði hann. Framtíðarhópurinn segir jafnframt að reglulegar fréttir af starfsskilyrðum og þjónustu í skólakerfinu bendi til megnrar óánægju manna með hvernig að málum sé staðið. „Æ oftar ber á erfiðleikum við að manna stöður í leikskólum og verkföll grunnskólakennara undanfarin ár hafa haft áhrif langt út fyrir hefðbundið skólastarf,“ segir þar og um leið gagnrýndur ósveigjanleiki í skólakerfinu og vandi á vel flestum skólustigum.

Ágúst Guðmundsson, stjórnarformaður Bakkavarar Group, gerði menntakerfið að umtalsefni í ræðu sem hann hélt á viðskiptaþingi. Hann segir þjóðir mynda sér forskot í samkeppni með menntun og að almenn velferð þjóða hljóti að velta á gæðum þeirrar formlegu skólagöngu sem til boða stendur. „Hafi ríkið einhvers staðar hlutverki að gegna í atvinnulífinu þá er það einna helst í menntamálum. Fjárfesting í menntun og þekkingu er einhver arðsamasta fjárfesting sem við getum ráðist í,“ segir hann og telur fólk þurfa að spyrja sig þeirrar spurningar hvort skólakerfið skili börnum nú besta undirbúningi sem völ sé á. „Við ættum að setja okkur það markmið að vera í fararbroddi allra þjóða hvað þetta varðar árið 2015. Hver eru markmiðin hjá íslensku háskólunum? Ættum við ekki að stefna að því að eiga háskóla sem geta komist á lista yfir bestu háskóla í heimi? Í dag kemst enginn íslenskur háskóli í hóp þeirra 500 bestu í heiminum. Er það ásættanlegt? Ættum við ekki að setja okkur hærri markmið í þessum efnunum?“ spyr hann og bendir á að fyrir áratug hefðu fáir búist við að í dag ætti landið fjöldann allan af alþjóðlega samkeppnishæfum fyrirtækjum. „Af hverju getum við ekki átt alþjóðlega samkeppnishæfa háskóla? Af hverju ættum við sætta okkur við minni metnað í menntamálum en við gerum annars staðar?“



KALKOFNSVEGUR Óvist er að á næsta áratug breytist útsýnið upp Kalkofnsveg í Reykjavík mikið, en gangi þær áætlanir eftir sem settar voru fram á síðasta Viðskiptaþingi Viðskiptaráðs má gera ráð fyrir að þjóðlífið taki nokkrum breytingum.



LEIÐIN MÖRKUD

Aðgerðaáætlun framtíðarhóps Viðskiptaráðs til ársins 2015:

- gera Ísland að samkeppnishæfasta landi heims
- tryggja að landið verði þekkt sem frelsisland
- stórauka enskukennslu á fyrstu skólaárum svo þjóðin verði jafnvíg á bæði málin
- styrkja í sessi gott siðferði í viðskiptalífinu
- gera hagkerfið skapandi
- fjölga tvísköttunarsamningum, fjárfestingarsamningum og loftferðasamningum
- afnema hindranir á fjárfestingar erlendra aðila hér
- gera landið að einföldum og ákjósanlegum vinnustað fyrir nýja Íslendinga
- leggja á eitt um að gera Ísland einfaldara
- ganga aldrei skemur er samkeppnisþjóðirnar í umbótum á skattkerfinu
- gera landið að miðstöð fjármála og þjónustu

Evrópugerð
Grand Cherokee 2006
á réttu verði!



G R A N D C H E R O K E E

G E R Þ U R É T T A N V E R Þ S A M A N B U R Ð

Jeep

KAUPTU EKKI KÖTTINN Í SEKKNUM

BJÓÐUM EVRÓPUGERÐIR MEÐ 24 MÁN. VERKSMIÐJUÁBYRGÐ



Ath. Nýir bílar frá Evrópu

Eigum á lager nokkra nýja
Jeep Grand Cherokee

Evrópugerðir með 2ja ára verksmiðjuábyrgð

Verð frá kr. 3.485.000.-

Grand Cherokee Ltd. og Laredo
með 3.0 L. V6 Mercedes Benz Dieselvél
Stuttur afgreiðslutími



Studiobilar ehf. Sími: 5400 800 / 540 6700 Fax: 5400 801 Smiðsbúð 2 210
Garðabær - E-mail: studiobilar@studiobilar.is

2ja ára verksmiðjuábyrgð - Sérhæft þjónustuverkstæði
með bilanaleitatölvu sem tryggir vonduð vinnubrögð

Opið mánud.-föst. kl.9-18 laugard. kl.12-16

Hringdu núna...

Sími 5400 800

www.studiobilar.is

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Velferð og viðskipti í stærra samhengi.

Mikilvægi menntunar og menningar

Hafliði Helgason

Viðskiptaþing var haldið í síðustu viku og var eitt það glæsilegasta til þessa. Viðskiptaráð hefur lagt mikinn metnað í þingin og tekist að skapa frjóa umræðu um atvinnulífið og samfélagið í kjölfarið. Svo var einnig nú.

Hugmyndir Viðskiptaráðs og sýn á framtíðina eru gott innlegg í umræðuna um það hvert við viljum stefna því samfélagi sem við búum í. Margt bendir til þess að grundvöllur umræðu í samfélaginu hafi breyst og það til batnaðar. Lengi vel einkenndist öll umræða í samfélaginu af slagorðakenndum átökum þeirra sem stóðu í hagsmunagæslu fyrir mismunandi hópa. Markmið og leiðir launamanna og stjórnenda og eigenda fyrirtækja voru álitin ósamrýmanleg í anda dialektískrar orðræðu um samfélagið. Nú má greina meiri samhljóð. Bæði hefur þekking og skilningur á hjólum efnahagslífsins vaxið hjá verkafólki og þjónustuhagkerfi og forsvarsmenn fyrirtækja landsins hafa tekið til umræðu málefni sem áður voru einkaumræðuefni annarra hópa í samfélaginu.

Þannig voru mennta- og menningarmál meira áberandi á Viðskiptaþingi nú en nokkru sinni fyrr. Það er engum vafa undirorpið að ef lífskjör hér á landi eiga að vera í efsta flokki í heiminum verður það í þróuðu þekkingar- og þjónustuhagkerfi. Innlegg Ágústas Guðmundssonar, stjórnarformanns Bakkavarar, í þá umræðu var þarft og tímabært.

Til þess að þjóðin nái að halda sér í hópi þeirra bestu er nauðsynlegt að hlúa að ákveðnum undirstöðum. Menntun og menning skipta miklu máli. Menntunin er sá grunnur sem öll þekkingarstarfsemi byggist á. Menning, menntun og umhverfi eru hins vegar það sem getur laðað að hæfileikafólki annars staðar frá. Hámenntað fólk sem leitar tækifæra horfir til ákveðinna þátta þegar það velur sér búsetu. Menntun barna og tækifæri þeirra til þroska eru þar einna efst á blaði. Annað er tækifæri til þess að lifa innhaldsríku lífi. Þar skiptir fjölbreytni í framboði menningar og tómstunda verulegu máli.

Gamla klisjan um að peningar séu ekki allt er í góðu gildi. Peningar eru mælikvarði og afl til verka. Lífsgæði og lífshamingja eru hins vegar samofin úr mörgum þáttum, sem við flest sækjumst eftir. Gott og innhaldsríkt samfélag er ekki afgangsstærð þegar horft er til hagsældar framtíðarinnar, heldur lykilkvæði þegar mótuð er sýn á líf þjóðarinnar í framtíðinni.

Íslenskt viðskiptalíf hefur verið í mikilli framþróun að undanförunu og sköpunarkrafturinn mikill. Það er fagnaðarefni að finna að forystufólk í íslensku atvinnulífi leggur áherslu á raunveruleg lífsgildi þegar rætt er um framtíð íslensks samfélags. Jarðvegur umræðu um framtíð þjóðarinnar hefur sjaldan verið frjórri og orðræðan yfirvegaðri og laus við ófgar. Þannig eigum við að halda henni. Það er vísasta leiðin til að nærna þá framtíð sem við viljum sjá.

eggert@markadurinn.is | hafliði@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is

Ætlar þú að grípa tækifærið?

Viltu veita starfsmönnum þínum tækifæri til að marka fyrirtæki þínu varanlega sérstöðu í ört vaxandi samkeppni?

Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:

Frábært, markvísst, hnitmiðað, nýtsamlegt, áhugavert, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, þægilegt, lipurt, góð skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

Þriggja vikna fyrirtækjanámskeið Hraðlestrar skólans eru sérsníðin að þörfum atvinnulífsins. Aukinn lestrarhraði, skilningur og markvissari upplýsingaöflun starfsmanna þinna gæti opnað þínu fyrirtæki aðgang að stórkostlegu tækifæri. Ert þú tilbúinn að grípa það?

Hafðu samband í síma 586-9400, sendu póst á jovi@h.is eða kíktu á <http://www.h.is>



„Námið er mjög markvísst og yfir skemmtilega við gömlu heilasellunum.“

Sigurður Jónsson, 59 ára afgreiðslumaður

Hvert stefnir hlutabréfamarkaðurinn?

Innlendi hlutabréfamarkaðurinn hefur hækkað um tæplega 21% frá áramótum. Þessi mikla hækkun á sér þó ýmsar skýringar.

Í byrjun árs setti ég fram spá um að hlutabréfavísitalan myndi hækka að minnsta kosti um 25-30% á árinu, sumum fannst ég full bjartsýnn eftir miklar hækkunar á síðasta ári og verð ég að taka þá spá til endurskoðunar.

Mikil eftirspurn er eftir verðbréfum og jafnframt er mikið framboð af fjármagni, þetta eitt leiðir til hækkunar. Afkoma flestra fyrirtækja hefur verið í takt við væntingar, afkoma Landsbankans og Straums-Burðaráss er mjög góð með um 46% arðsemi eigin fjár.

Miklar hræringar hafa einkennt markaðinn sem leitt hefur til hækkunar, má þar nefna sölu Straums-Burðaráss á stórum hluta í Íslandsbanka og nú síðast aðskilnað Icelandair frá FL group. Hræringunum á íslenskum viðskiptamarkaði er ekki lokið, átök um yfirráð valda yfirleitt hækkunum á hlutabréfum.

Sker íslenski markaðurinn sig úr með þessar miklu hækkunar? Svarið er nei, hlutabréf í Evrópu hafa farið hækkanði þótt það sé ekki svona mikið. Markaðir á hinum Norðurlöndunum hafa hækkað um 6-8%. Verðbréfastofan hefur um árabil selt sjóð Carnegie Austur-Evrópu, sá sjóður var með 52% ávöxtun í fyrra, frá áramótum hefur hann hækkað um 16%.

ORÐ Í BELG

Jafet S. Ólafsson
forstjóri VBS
fjárfestingarbanka



Flest fyrirtæki hafa lokið uppgjöri og segir hátt gengi íslensku krónunnar til sín í uppgjöri Marel. Fróðlegt verður að fylgjast með hvernig afkoma þeirra tveggja sjávarútvegsfyrirtækja sem skráð eru í Kauphöllinni, Granda og Vinnslustöðvarinnar, verður á síðast ári.

Horfur í rekstri flestra fyrirtækja eru góðar, útrásinni er hvergi lokið. Það eru mörg járn í eldinum og sennilega stutt í fyrstu stóru fréttirnar. Reyndar er eitt af stærstu útrásarfyrirtækjunum ekki skráð í Kauphöllinni, þ.e. Baugur. Á síðasta ári notfærði fyrirtækið sér hagstæð skilyrði hér á landi til að skrá Mosaic í Kauphöllinni, munu ef til vill eitt eða tvö fyrirtæki frá Baugi fylgja þessu fordæmi á árinu.

Öll íslensk fjármálafyrirtæki hafa haslað sér völl erlendis og stór hluti tekna er farinn að berast af erlendum mörkuðum.

KB banki hefur lýst því yfir að frekari styrking í Noregi og Finnlandi standi fyrir dyrum, en hvað með finnska bankann Sampo? Skandia er enn á lausu

og hægt að skipta því fyrirtæki upp.

MP fjárfestingarbanki keypti nýlega banka í Úkraínu, þar er örugglega mikið verk framundan við að nútímavæða þann banka og möguleikarnir er gríðarlegir á þessu svæði.

Telja má öruggt að stóru íslensku fjármálafyrirtækin muni leggja meiri áherslu á Evrópu, og þá sérstaklega Eyrstrasaltslöndin og Austur-Evrópu.

FL group stendur í stórræðum, selur eitt fyrirtæki á viku og setur meginhlutann af flugrekstrinum í skráð félag á markaðnum. Hlutirnir fara stundum í hringi, Flugleiðir eru aftur komnar á markaðinn.

Aðaleigandi Easy Jet útilokar ekki sölu, verða Sterling og Easy Jet ef til vill sameinuð?

Avion fór á markaðinn með látum, en eitthvað hefur vantað upp á að eftirmarkaðurinn hafi tekið við þeim hlutabréfum sem boðin hafa verið til sölu. Gengi hlutabréfa Avion hækkaði skarpt á fyrsta degi í Kauphöllinni en lækkaði síðan um nær 10%.

Í síðustu viku tilkynnti félagið um kaup á erlendu flugfélagi og meira er í pípunum, markaðurinn tók þessu jákvætt og hækkaðu bréf félagsins um 5%.

Það er ekki hægt að fara yfir allt sviðið, en á þessari stuttu upptalningu sést að horfur á innlendum hlutabréfamarkaði eru góðar.



Sker íslenski markaðurinn sig úr með þessar miklu hækkunar? Svarið er nei, hlutabréf í Evrópu hafa farið hækkanði þótt það sé ekki svona mikið. Markaðir á hinum Norðurlöndunum hafa hækkað um 6-8%. Verðbréfastofan hefur um árabil selt sjóð Carnegie Austur-Evrópu, sá sjóður var með 52% ávöxtun í fyrra, frá áramótum hefur hann hækkað um 16%.

UM VÍÐA VERÖLD

Spænsk innrás

The Sunday Times | Sú djarfa ákvörðun spænska verktakafyrirtækisins Ferrovial að bjóða í BAA, sem rekur flugvallarstarfsemi á Heathrow, Gatwick og Stanstead auk annarra flugvalla, hefur komið öllum í opna skjöldu. Sérfræðingar og forstjórar flugfélaga og annarra flugvalla eru agndofa yfir þessum fréttum, enda álitu flestir að BAA væri ósnertanlegt. Eigendur Ferrovial sjá mörg tækifæri í því að ná undir sig flaggskipi breska flugsins, til dæmis hvað varðar frekari uppbyggingu og vöxt verulnar og þjónustu. Spánverjarnir hafa góða reynslu af fjárfestingum í Bretlandi en þeir keyptu flugvöllinn í Bristol með góðum árangri. Því miður fyrir Spánverjana láku áform þeirra út til fjölmiðla og hækkaði gengi bréfa í BAA um fimmtung. Til að ná BAA gæti Ferrovial þurft að greiða 900 pens á hlut, sem gæti verið óyfyrstíganleg hindrun, enda var spænska fyrirtækið nokkru minna að stærð áður en fréttin barst út.

Nauðsynlegt bandalag

The Economist | Stjórnendur General Motors hafa gengið að hugmyndum stærsta hluthafans, Kirks Kerkorian, um stórfelldan niðurskurð í rekstrinum. Þær fela meðal annars í sér að dregið verður úr arðgreiðslum um helming og laun æðstu stjórnenda lækkuð um tíu prósent. Þótt stjórnendur GM treysti Kerkorian ekki að öllu leyti, í ljósi þess að hann

reynði að taka yfir Chrysler með óvinveittum hætti fyrir áratug síðan, verður GM ekki bjargað nema viðkomandi snúi bókum saman. Á sama tíma vex Toyota ásmegin og stelum markaðshlutdeild af GM og Ford og skilar þar að auki hagnaði en ekki tapi. Áætlanir Toyota miðast við að vaxa um 5-10 prósent á Bandaríkjamarkaði í ár. Ef samkeppnin frá Japóninum er hinn raunverulegi vandi GM er óvíst hvort einhver meðöl bjargi risanum frá falli.

Neyðaráætlun sem virkaði

Þegar starfsmenn bresks fyrirtækis mættu til vinnu einn morgun fyrir nokkrum árum var skrifstofubýggingin rústir einar eftir stórtjón um nóttina. Fyrirtækið hafði í samráði við tryggingafélagið sitt gert stóráfalla- eða neyðaráætlun sem reyndist lykllinn að því að á einum degi tókst að koma starfsmennum í gang, í öðru húsnæði með nýjum búnaði.

Mikilvægt er að fyrirtæki hafi til taks neyðaráætlun sem grípa má til ef skyndileg röskun verður í rekstri vegna óhapps eða tjóns. Neyðaráætlunin felur m.a. í sér hver stjórni samskiptum og

ÖRUGG FYRIRTÆKI



Átak Markaðarins og Sjóvá

rekstri í kjölfar stóráfalls, hugað er að samskiptum við starfsmenn, viðskiptavini, birgja o.fl.

Í tilvikum sem þessum reynir m.a. á rekstarstöðvunartryggingu. Rekstrarafkoma verður að vera tryggð svo hægt sé að halda fyrirtækinu gangandi þótt ófyrirséð áfall ríði yfir. Tryggja verður að viðbrögð allra aðila séu samhent og fumlauð til að lágmarka rekstrartap þess sem fyrir tjóninu verður.

Sum fyrirtæki og stofnanir eru þess eðlis að rekstur þeirra þolir ekki áföll af neinu tagi vegna hagsmuna viðskiptavina og einnig almannahagsmuna. Það er því mikilvægt að þessi séu mál uppi á borðinu.

Lokun fyrirtækis er eitthvað sem getur haft margfeldisáhrif á afkomu, rekstur og viðskiptavini fyrirtækisins og því mikilvægt að hægt verði að koma rekstrinum í gang að nýju fljótt og örugglega. Neyðaráætlun á að gera ljóst hvaða starfsmaður eða teymi innan fyrirtækisins skal ganga strax til fyrirfram ákveðinna verka ef áfall verður til að lágmarka tjón og afleidd tjón sem skyndilegt áfall getur haft í för með sér.

Einnig er nauðsynlegt að „ytri“ ábyrgðaraðilar séu tiltækir og til staðar komi til óhapps eða tjóns. Þar skal fyrsta telja iðnaðarmenn og fagaðila sem geta komið til aðstoðar án tafar auk birgja sem

gegna lykllutverki í að útvega nauðsynlegan búnað. Nauðsynlegt er að neyðaráætlun sé rýnd reglulega, að lágmarki einu sinni á ári, svo keðjan virki þegar og ef grípa þarf til áætlunarinnar.

Vel virk neyðaráætlun getur haft úrslitaáhrif um að lágmarka þann skaða sem fyrirtæki geta orðið fyrir við tjón og rekstarstöðvun. Ýmis fyrirtæki hér á landi hafa slíka áætlun tiltæka en hvetja verður forsvarsmenn fyrirtækja sem ekki hafa hugað að þessum málum að bretta nú upp ermarnar. Það getur haft úrslitahjúðingu um enduruppbyggingu fyrirtækisins í kjölfar stóráfalls.

Þór Sigurgeirsson

Ráðgjafi á fyrirtækjasviði hjá Sjóvá

SPÁKAUPMAÐURINN

Keikur á bjargbrúninni

Nú er ég byrjaður að verða smá órólegur yfir því að yfirdráttur heimilanna virðist vera notaður í að fjárfesta í hlutabréfum. Það er venjulega fyrsta merki þess að markaðurinn fari að toppa. Ég er þegar farinn að undirbúa að létta á stöðunum.

Reyndar er fullt af fínum hlutum í gangi. Verðlagningin á markaði er hins vegar að verða þannig að ekkert má klikka. Og það klikkar alltaf eitthvað, trúið mér!

FL Group hefur gefið vel af sér að undanförunu og bankarnir líka. Spurningin er bara hvort ekki sé búið að gúmma pínulítið á þetta allt saman. Maður getur svo sem alltaf farið út af markaðnum og séð til hvort maður á að fara inn aftur síðar. Það er öllum hollt að staldra við.

Það er flottur leikur hjá FL Group að fara með Icelandair á markað. Þeir munu innleysa talsverðan hagnað af því, auk þess sem verulegur gengishagnaður myndast í mismuni á bókfærðu verði og væntanlegu markaðsvirði. Gallinn er bara sá að þetta eru sömu peningarnir beggja vegna. Gengishagnaðurinn skilar sér hins vegar í meiri styrk til að takast á við stór erlend verkfni. Það er auðvitað þælingin hjá Hannesi. Hann stefnir á stórt erlent laggjaldaflugfélag með sameiningu Sterling og easyJet. Ég er alveg klár á því.

Ég held að það verði líka spennandi að fylgjast með Straumi á næstunni. Ég hef verið að velta vöngum að undanförunu, hvert þeir muni stefna. Ég held að Straumur og Carnegie eigi eftir að lenda í einni sæng. Ég veit að þetta er brjálaður spádómur, en snilldin og brjálsmein eru systkini og stundum býsna nán.

Maður hefur áður náð að skapa sér góðan arð af því að leika sér með villtustu þælingarnar á markaðnum. Ég er ekki á leið út úr Straumi alveg næstu daga og held mig líka í KB og FL Group, þótt ég hafi dregið úr skuldsetningu á mótí eigninni. Íslandsbanki hefur verið á siglingu og verið að klára stóra díla. Fullt í gangi þar og arður á leiðinni. Mér er nefnilega meinilla við að tapa peningum og hef gert lítið af því um dagana. Það hefur stundum orðið til þess að ég hef misst af smá kúfi í lokin, en um leið stundum horft á eftir hinum rúlla niður brekkuna meðan ég stend keikur á bjargbrúninni. Þaðan hefur maður gott útsýni.

Spákaupmaðurinn á horninu



Íslenskur viðskiptahugbúnaður í heimsklassa

Vigor Viðskiptahugbúnaður

Vigor viðskiptahugbúnaður frá TM Software er ein öflugasta viðskiptahugbúnaðarsvíta sem hefur alfarið verið þróuð og framleidd á Íslandi. Vigor er hagkvæm lausn sem uppfyllir flestar kerfisþarfir fyrirtækja og stofnana.

Vigor viðskiptahugbúnaður stenst samanburð við erlend viðskiptakerfi sem hylti hafa notið.

Vigor viðskiptahugbúnaður

Fjárhags- og viðskiptakerfi
Fylgirit- og samþykktakerfi
Áætlanagerfi
Greiningarskýrslur
Greiðslukerfi
Innheimtukerfi
Eignakerfi
Verkbókhald
Forðabókhald
Sólukerfi
Vörumerfi
Innkaupakerfi
Launakerfi

Sérlausnir

Orkureikningakerfi
Skaðabótakerfi
Aksturskerfi
Gámaleigukerfi
Kæligemslukerfi
Áhaldaleigukerfi

TM Software, framleiðandi Vigor viðskiptahugbúnaðar, er eitt stærsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins og hefur hlotið viðurkenningu sem eitt af framsæknustu fyrirtækjum Evrópu. Um 460 manns starfa hjá TM Software.

TM Software | Business Solutions | Holtasmári 1 | 201 Kópavogur | Sími 545 3000 | Fax 545 3001 | vigor@t.is | www.t.is



AURASÁLIN

Innrásin er hafin

Þær fréttir hafa verið að berast að nú kaupir útlendingar í auknum mæli íslensk hlutabréf. Mun svo komið til nokkur útlensk fyrirtæki hafi fengið leyfi til þess að eiga viðskipti í Kauphöll Íslands og fái að gera það óáreitt. Þetta er grafalvarlegt mál ef satt reynist.

Hingað til hefur þróun alþjóðavæðingar viðskiptanna verið Íslendingum mjög í hag. Við höfum lagt í kaup á erlendum bönkum, matvælaframtækjum, flugfélögum og fleiru smálegu en hingað til hafa útlendingar ekki keypt mikið af íslenskum hlutabréfum eða fyrirtækjum. Þá hefur uppsveiflan hér á landi komið í veg fyrir að útlenskir stórbokkar kaupir upp íslensku sveitina, eins og Aurasálin hafði áhyggjur af þegar EES-samningurinn gekk í gildi.

Ekki ætlar Aurasálin að halda því fram að útlendingar séu verra fólk en Íslendingar og þess vegna eigi að banna þeim að eiga hlutabréf í íslenskum fyrirtækjum. Það er hins vegar algjörlega ljóst að útlendingar eru ekki eins góðir í viðskiptum og við Íslendingar. Þeir ætla því örugglega ekki að koma með sitt fé hingað til lands til þess að styrkja rekstur íslenskra fyrirtækja, enda hljóta þeir að gera sér grein fyrir því að hvergi á byggðu bóli hafa menn betra viðskiptavit en hér á landi - þá einkum í Borgartúni.

Nei!

Útlendingar sem sækja að íslenskum hlutabréfamarkaði gera það einungis í einum tilgangi. Þeir ætla að græða á íslenskum hlutabréfum og fara með hagnaðinn úr landi. Þetta er gríðarlegt áhyggjuefni. Ef hlutabréf hér á landi halda áfram að hækka í verði er augljóst að útlendingar munu kaupa bréf og græða. Þannig missa Íslendingar af gróða eigin fyrirtækjum.

Þá má spyrja - hvert er orðið okkar starf? Höfum við gengið til góðs götuna fram eftir veg?

Aurasálin þjáist ekki af hræðslu við útlendinga. Þvert á móti. Útlendingar eru margir hverjir ágætir en flestir af öðrum eru reka fyrirtæki og eru þess vegna fegnir þegar við Íslendingar komum og hjálpum þeim með því að kaupa fyrirtækin þeirra og endurskipuleggja þau í takt við tímann og tíðarandann.

Nú höfum við Íslendingar grætt geysivel á viðskiptum við útlendinga á undanförunum árum og augljóst er að útlönd munu hefna sín ef ekki verður gripið til aðgerða. Þessa innrás útlenskra kaupahéðna á íslenskan hlutabréfamarkað verður að stöðva. Besta leiðin til þess er vitaskuld að setja hömlur á flutning fjármagns frá landinu, þannig að þeir sem kaupir íslensk hlutabréf séu tilneyddir til þess að eyða ágóða sínum í íslenskar framleiðsluvörur. Aðeins þannig mun alþjóðavæðingin halda áfram að færa okkur Íslendingum aukin lífsgæði.

Eigum að skapa kjörland nýsköpunarsjóða

Arnar Bjarnason stundar ráðgjöf í fyrirtæki sínu Reykjavík Capital og rannsóknir og kennslu sem prófessor við Viðskiptaháskólann á Bifröst. Hann sér mikil tækifæri í því að Íslendingar laði til sín erlenda fjárfestingarsjóði með því að skapa besta skatta- og lagaumhverfi slíkra sjóða.

Arnar Bjarnason er doktor í rekstrarhagfræði og gegnir hlutastarfi sem prófessor á Bifröst. Samhliða því rekur hann eigið fyrirtæki, Reykjavík Capital, en það fyrirtæki hefur komið að ráðgjöf við kaup á fyrirtækjum og vann meðal annars með einum hópi að tilboði í Símann þegar ríkið seldi hlut sinn í fyrirtækinu á síðasta ári.

STERK FRAMTÍÐARSÝN

Arnar skrifaði árið 1992 doktorsritgerð sína um útflutningshegðun íslenskra fyrirtækja. „Ég tók meðal annars viðtöl við um sextíu aðila. Sjávarútvegurinn var yfirgæfandi með milli sjötíu og áttatíu prósent af vöruútflutningnum. Þarna voru samt að verða breytingar. SÍF var að tapa einkaleyfi á saltfiskútflutningi og Sambandið og SH búin að missa sitt.“ Hann segir að á þessum tíma hafi verið að verða til fyrirtæki í útflutningi sjávarararfræða. Meðal viðfangsefna Arnars í undirbúningi ritgerðarinnar var ungur maður, Ágúst Guðmundsson, sem var í forsvari fyrir lítið fyrirtæki sem heitir Bakkavör. „Ég man að ég hreifst af Ágústi, hann var ekkert að hylja það fyrir mér að þetta væri erfitt fjárhagslega. Hann hafði mjög sterka framtíðarsýn.“ Sem dæmi um framsýnina segir Arnar að Bakkavör hafi á þessum tíma verið að ganga frá ISO-vottun, með fyrstu fyrirtækjum á Íslandi til að gera slíkt. „Ég held að lykillinn að velgengni Bakkavarar, eins og KB banka, sé þessi sterka framtíðarsýn.“

Arnar segir að það hafi ekki annað legið fyrir en að skoða sjávarútvegsfyrirtæki. „Bankarnir voru í ríkiseigu og menn horfðu ekkert annað en á sjávarútveginn.“ Arnar kom heim frá Edinborg árið 1994. „Það var ekki mikið um að vera í atvinnulífínu. Stækkun álversins í Straumsvík kom hreyfingu á hlutina og síðan einkavæðing bankanna.“ Framhaldið þekkja allir. Arnar vinnur að því að koma af stað rannsóknnum á Bifröst. „Mig langar til að skoða alþjóðavæðinguna sem maður var að skoða áður fyrr og svo fjármála-fyrirtækin.“

ÁHÆTTA EN EKKI ÓGN

Bankarnir hafa verið í umræðu í kjölfar erlendra umfjöllunar greiningardeilda fjármálaframtækja. „Ég hef lesið þessar skýrslur. Það er áberandi í Barclay's-skýrslunni hve margt er rangt í henni. Ég held að sú gagnrýni sem kemur fram í skýrslu Credit Sights eigi rétt á sér, enda þótt mörgu sé sjálfsagt ofgert þar. Ég held að það geti falið áhætta í eignatengslum í bankakerfinu. Þetta var meðal þess sem hafði veruleg áhrif á bankakreppuna í

Japan þar sem eignatengsl ýktu áhrifin. Gagnrýnin er einnig á miklar lántökur bankanna og hversu háðir þeir eru erlendri fjármögnun. Auðvitað eru þetta áhættuþættir, við skulum ekkert líta fram hjá því, en ef saga alvarlegra banka-

kreppa er skoðuð eru þær oft tengdar miklum erlendum lántökum. Ég held að við séum í dag með miklu fullkomnari áhættustýringu og ég hef engar áhyggjur af því að hætta sé á slíku hjá íslensku bönkunum. Áhættuþættirnir eru fyrir hendi. Mikil skuldsetning heimila og hröð hækkun fasteignaverðs eru þættir sem til að mynda áttu mikinn þátt í erfiðleikum norrænna banka fyrir rúmum áratug. Ég hef engar áhyggjur af íslensku bönkunum en áhættan er fyrir hendi og menn eiga ekki að horfa fram hjá henni.“

DÝR FYRIRTÆKI

Fyrirtæki Arnars, Reykjavík Capital, hefur unnið með nokkrum aðilum að kaupum á fyrirtækjum. Talsvert hefur verið um skuldsett kaup á fyrirtækjum. „Mitt mat er að verð á fyrirtækjum í skuldsettri yfirtöku að undanförunu sé komið að efri mörkum verðbilsins. Þegar menn eru farnir að kaupa fyrirtæki sem engöngu eru á innanlandsmarkaði, þar sem vaxtarkæfari eru takmörkuð á tífaldan rekstrarhagnað fyrir

afskriftir, skatta og fjármagnsliði, þá öfunda ég menn ekki af því að reka slíkt fyrirtæki. Það er hættu á að slíkt fyrirtæki geti lent í erfiðleikum þegar fram líða stundir. Ekki síst vaxtastig er jafn hátt og raun ber vitni hér á landi.“ Arnar segist hafa orðið vitni að vandræðum fyrirtækja þegar krónan féll 2001, þegar hann vann hjá SPRON. „Þá sá ég mörg fyrirtæki klára eigið fé sitt á skömmum tíma. Það er líklegt að þegar krónan veikist á ný muni það gerast hratt og að margir brenni sig eins og gerðist 2001.“

Hækkandi verð á fyrirtækjum er ekki séríslenskt fyrirbæri. Ástæðan er meðal annars sú að fé hefur streymt inn í svokallaða Private Equity sjóði sem eru áhrifafjárfestar í umbreytingu fyrirtækja og nýsköpun.

ÆTTUM AÐ LAÐA AÐ ERLENDA SJÓÐI

Arnar segir yfirtökusjóðina hafa



ARNAR BJARNASON Hefur mikinn áhuga á að Ísland geti orðið miðstöð Private Equity sjóða sem sérhæfa sig í fjárfestingum fyrirtækja sem eru tiltölulega stutt komin á þroska-brautinni.

gefið gríðarlega vel af sér að undanförunu. Sjóðir sem kaupa og yfirtöku fyrirtækja fer fækkandi. Peningar eru eins og vatnið, þeir finna sér farveg. Ég hef trú á því að peningar fari að leita í nýsköpun. Það er mikilvægt því ef menn sá ekki ákurinn fá menn enga uppskeru. Ég sakna þess að þessi stóru fjárfestingarfyrirtæki setji ekki meira fé í slíka fjárfestingar. Kannski fer það að gerast. Við þurfum hins vegar að stefna að því að skapa slíkum fjárfestingum sem best skilyrði. Það er margt sem við höfum með okkur í að laða að fjárfestingarsjóðina. Við búum í þróðuð lyðræðis- og menningarsamfélagi og ef við getum búið til hagfelld skatta- og lagaumhverfi liggja þar mörg tækifæri.“

Arnar vann um tíma hjá SPRON og segist hafa átt þar góð ár. Miklar breytingar eru í eiginahópi sparissjóðanna. Arnar segir afkomu sparissjóðanna af kjarnastarfsemi ekki nógu góða. „Ég skil ekki það verð sem er í gangi fyrir stofnfjárbreftin þessa dagana. Ég held að þar séu menn að vanmeta þær flækjur sem eru í núverandi lagaumhverfi sjóðanna.“

Arnar er úr sveit, alinn upp við Kirkjubæjarklaustur. Í frítímanum stundar hann hestamennsku. „Foreldrar mínir voru í hestamennsku, en þá hafði ég nú ekki mikinn áhuga á því, en svo kom það aftur. Ég átti ágætis hesta sem krakki.“

HÁDEGISVERÐURINN

Með Arnari Bjarnasyni

Hádegisverður fyrir tvo á Vox

Hádegishlaðborð

Drykkir

Vatn

Alls krónur 4.900



Humarhúsið

Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is



Skýrr úr HP í Dell

Samið hefur verið um kaup Skýrr á meirihluta hlutafjár í EJS. Forstjóri Skýrr sér sóknarfæri í stöðunni en kaupverðið er ekki gefið upp. Framhaldið ræðst eftir mánaðamót.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Í hádeginu á mánudag var boðið til starfsmannafundar í matsal Skýrr við Ármúla 2 í Reykjavík. Á fundinum kynnti Hreinn Jakobsson forstjóri að Skýrr hefði keypt meirihluta í tölvufyrirtækinu EJS. Um morguninn hafði Kögum, sem á Skýrr, sent tilkynningu um kaupin til Kauphallar Íslands.

Saman geta fyrirtækin boðið alhliða þjónustu á sviði upplýsingatækni og eru þau stærst þeirra tölvufyrirtækja sem hér starfa. Fyrirtækin eiga sér bæði langa sögu, því EJS (áður Einar J. Skúlason) var stofnað árið 1939 sem skrifvéla- og vélvæðing og varð síðar að verslun og innflutnings- og þjónustufyrirtæki fyrir skrifstofuvélar. Skýrr var stofnað árið 1952, en 1. janúar 1996 tók hlutafélagið Skýrr yfir starfsemi sameignarfélagsins Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar.

„Við erum nú búnin að kaupa þessi 58,7 prósent og í gang fer áreiðanleikakönnun. Ef allt gengur samkvæmt áætlun klárum við kaupin í byrjun mars. Þá verðum við orðin meirihlutaáðili í EJS og höfum sagt að við vildum gjarnan fá tíma til að kynna okkur betur innviði fyrirtækisins, bæði starfsemi og það ágæta starfsfólk sem þarna er, áður en við tökum ákvarðanir um frekari kaup eða einhverjar breytingar,“ segir Hreinn Jakobsson, forstjóri Skýrr, um næstu skref eftir undirritun kaupsamningsins. „Við teljum okkur vera að kaupa mjög gott fyrirtæki, heilbriggt fyrirtæki sem er í mjög góðum rekstri,“ segir hann og kveður EJS í höndunum á

mjög öflugum fólki og stjórnendum. „Við viljum gjarnan vinna með þeim í framhaldinu og höfum óskað eftir því.“

Hreinn segir fyrirséð mörg spennandi tækifæri þar sem fyrirtækin tvö geti unnið nánar saman. „Þau liggja á ýmsum sviðum upplýsingatækninnar, svo sem á hugbúnaðarsviði, í rekstri á tölvukerfum og hýsingu og í alls konar þjónustu því samfara,“ segir hann og bendir á að hjá Skýrr starfi um 200 manns og hjá EJS 150 manns, saman séu því fyrirtækin með um 350 manns og áætlaða veltu á þessu ári yfir sex milljarða króna. Í fyrra nam velta EJS-samstæðunnar 3,6 milljörðum króna og velta Skýrr var rúmlega 2,2 milljarðar króna. „Saman eru fyrirtækin að veita heildarþjónustu. Það sem Skýrr hafði ekki var sala á alls konar tölum og vélbúnaði, en á því sviði er EJS mjög sterkt.“

Með í kaupunum á EJS fylgja dótturfélögin Eskill, sem sinnir vefforritun í Microsoft-umhverfi og tengdri ráðgjöf, iSoft sem sinnir kennslu og þjálfun á búnað Microsoft, Símaland sem býður samskiptalausnir, og Hýsing, sem býður hýsingu, kerfisleigu og útivistun tölvurekstrar.

Megnið af vélbúnaði Skýrr er nú frá Hewlett-Packard. Opín kerfi eru með umboð fyrir HP-tölvubúnað, Skýrr var áður hluti af Opnum kerfum Group, en nú á eignarhaldsfélagið Kögum þetta allt saman. Hreinn hlær við þegar hann er spurður hvort líklegt sé að Skýrr færi sig yfir í tölvubúnað Dell eftir kaupin í EJS. „Við sjáum fram á að eiga gott samstarf við EJS og það hlýtur að eiga við á þessu sviði líka,“ segir hann en er ófánlegur til



HREINN JAKOBSSON Hreinn, sem er forstjóri Skýrr, segir mikil og góð tækifæri fólgin í kaupum Skýrr á EJS, enda geti fyrirtækin saman nú boðið alhliða þjónustu á sviði upplýsingatækni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

að gera upp á milli HP og Dell. „Ég held að bæði fyrirtæki bjóði afskaplega góðar tölvur og annan vélbúnað og séu ábyggilegir birgjar.“

Umsamið kaupverð hefur ekki verið gefið upp og segir Hreinn það vera trúnaðarmál. „Ég held að verðið sé sanngjarnt bæði fyrir kaupanda og seljanda, þannig komast viðskiptin á,“ segir hann og áréttar að ekki hafi verið tekin ákvörðun um frekari kaup. Vitað er að smærri fjárfestar fylgjast sumir hverjir nokkuð spennir með þróun mála, þar á meðal fyrrum starfsmenn sem fengu að kaupa bréf í fyrirtækinu á árum áður en býðst nú ekki

nema eins og fimmtungur af því verði sem þeir gáfu upphaflega. „En við höfum auðvitað áhuga á að heyra í öðrum hluthöfum, bæði um hvort þeir vilji selja okkur bréfin eða vinna með okkur í framtíðinni,“ segir Hreinn en telur um leið að verðmæti þeirra hluta eigi eftir að aukast með því að EJS eflist enn frekar. „Okkur þykja þetta mjög spennandi tímar í upplýsingatækni og árið fer vel af stað. Bæði fyrirtæki og stofnanir fjárfesta í auknum mæli í upplýsingatækni og ákveðin bjartsýni ríkir. Við sjáum því bullandi tækifæri. Það höfum við reyndar gert áður en sjaldan eins og núna.“

Og Vodafone kynnir

Mobile Office
FRÁ OG VODAFONE

Vodafone World

Vodafone World er einfaldari og skýrari verðskrá í útlöndum fyrir GSM áskrifendur í krafti öflugssamstarfs Vodafone fyrirtækja um allan heim. Vodafone World gildir fyrir GSM notendur erlendis.

- » Öllum heiminum er skipt upp í 5 verðsvæði.
- » Skýr yfirsýn yfir verð í útlanda-símtölum og einfaldur verðsamanburður.
- » Vodafone fyrirtækin eru alltaf hagstæðari.
- » Enginn kostnaður felst í skráningu í Vodafone World.
- » Veldu Vodafone í 36 löndum.
- » Skráðu fyrirtækið þitt í síma 599 9500 eða á www.ogvodafone.is

Vodafone World eru hluti af **Mobile Office**, heildstæðu þjónustuframboði Og Vodafone fyrir viðskiptalíf sem gerir fólki mögulegt að miðla upplýsingum óháð stað og stund. Hraði, öryggi og einfaldleiki eru einkunnarorð okkar í lausnum sem við bjóðum fyrirtækjum.



Nánari upplýsingar veitir **Fyrirtækjþjónusta Og Vodafone**, Síðumúla 28, í síma 599 9500. Einnig er hægt að senda tölvupóst á 5999500@ogvodafone.is

Heyrumst!

Áberandi öryggi

Það er stíll yfir því að vera staðlaður EN 471 staðall um sýnileika



DYNJANDI
allt fyrir öryggið

Skeifan 3 108 Reykjavík Sími: 588 5080 www.dynjandi.is

Dekk • Bón og þvottur • Smurþjónusta • Bremsuklossaskipti • Peruskripti • Rúðupurkublöð • Rafgeymar • Sækjum og sendum



Hvað get ég gert fyrir þig?

-20% afsláttur af heilsárs- og nagladekkjum

➤ Bón og alþrif	á tilboði
➤ Smurþjónusta	á tilboð
➤ Rafgeymar	á tilboði
➤ Sækjum og sendum	10% afsl.
➤ Bremsuklossaskipti	gerum tilboð
➤ Dekkjahótel	2000 kr. 4 stk.

Vaxtalaugar léttgreiðslur!

BÍLKÓ - Betri verð!
bilko.is Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | bilko.is | Sími 557-9110

visir

NFS ER Á VISIR.IS

Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar



Klár í snjóinn! **MAZDA TRIBUTE**

Eigum til afhendingar strax nokkra vel útbúna bíla 31" dekkjum.

Umboðsaðilar: **SG Bílar - Keflavík - Sími 421 4444**
BSA Akureyri - Sími 462 6300
Bílasala Vesturlands - Sími 437 2100

X4 ehf. **Opið virka daga 10-18:30**
Laugardaga kl. 12:00 - 16:00

2ja ára verksmiðjuábyrgð - Þjónustuaðili: Ræsir hf.
Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: x4@x4.is - www.x4.is




VOTTUN VEITT Dr. Jens Peter Høiseith frá DNV afhendir Jóni Ágústi Þorsteinssyni, framkvæmdastjóra Marorku, viðurkenninguna.

Marorka hlýtur gæðavottun

Síðastliðinn föstudag fékk hátæknifyrirtækið Marorka afhent skjal til staðfestingar á því að hafa hlotið vottun frá Det norske Veritas (DNV) fyrir gæðakerfi fyrirtækisins. Marorka hefur á síðastliðnu ári innleitt gæðakerfi samkvæmt ISO 9001:2000 gæðastaðlinum og í desember síðastliðnum framkvæmði DNV, einn stærsti vottunaraðili heims, vottun á gæðakerfinu. Til að fá vottun hefur Marorka sýnt fram á að unnið sé eftir skráð-

um verkferlum sem tryggja rekjanleika og vönduð vinnubrögð.

Marorka var stofnað í júní 2002 og er ört vaxandi alþjóðlegt hátæknifyrirtæki með vel menntað og hæft starfsfólk sem er um tuttugu talsins. Í tilkynningu frá fyrirtækinu segir að starfsfólk þess hafi verið mjög áhugasamt og einbeitt við að ná sem bestum árangri sem hafi hjálpað til við að fá vottun á gæðakerfið á innan við ári frá upphafi verkefnisins.

FÓLK Á FERLI

Þorsteinn Örn Guðmundsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri yfir nýju sviði rekstrarstjórnunar hjá FL Group.



Þorsteinn Örn hefur á síðustu misserum gegnt stöðu forstjóra FL Travel Group en hverfur nú aftur til starfa hjá FL Group. Hinu nýja sviði er ætlað það hlutverk að sinna rekstrarstjórnun og eftir atvikum fylgja eftir umbreytingum í félögum sem FL Group fjárfestir í, þar sem starfað verður náið með stjórnendum félaganna.

PÁLL Á. JÓNSSON hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri fjarskiptanets Símans. Páll hefur mikla og fjölbreytta reynslu af starfsemi á fjarskiptasviði.



Fjarskiptanet Símans sér um uppbyggingu og rekstur á grunnkerfi fyrirtækisins sem skiptist tæknilega upp í aðgangsnætt og sambönd. Þá sér fjarskiptanet um heildsölu til annarra fjarskiptafyrirtækja. Páll hóf fyrst störf hjá Póst- og símamálastofnun árið 1969 sem símvirkjanemi. Hann hefur síðan unnið hjá Símanum eða fyrirrennara hans frá árinu 1978 með hléum. Helstu verkefni Páls hjá Símanum voru við uppbyggingu ljósleiðarakerfis Símans. Auk þess hefur hann unnið við Cantat 3 og Farice-sæstrengjaverkefni. Hann var forstöðumaður heildsölu Símans fram

til 2004 en á síðastliðnu ári tók hann við starfi forstöðumanns aðgangsnets Símans. Auk þess starfaði Páll hjá Ríkisútvarpinu - Sjónvarpi og hjá IBM á Íslandi. Páll nam rafmagnstæknifræði við Tækniskóla Íslands og Tækniskólann í Óðinsvæum og lauk prófi frá þeim skóla 1978. Páll stundaði nám í viðskipta- og rekstrarfræðum við Endurmenntun Háskóla Íslands 1994 og 1995. Páll er kvæntur Ásdísi Björgvinsdóttur og eiga þau tvö uppkomin börn.

SVEINN TRYGGVASON hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri hjá Símanum á nýju sviði sem kallast Stjórnun viðskipta-



ferla. Hlutverk hins nýja sviðs er að halda utan um og samhæfa þau ferli sem starfsemi Símans byggir þjónustu sína á með hlidsjón af heildarsýn Símans um Stafræna tilveru og Stafræn viðskipti eins og stefna Símans á einstaklings- og fyrirtækjamarkaði kallast. Sviðið skiptist í fjórar deildir: verkefnastjórnun, upplýsingakerfi, öryggis- og gæðastjórnun og fasteignadeild. Sveinn útskrifaðist með M.Sc. gráðu í rekstrarverkfræði frá Háskólanum í Álaborg árið 2000. Undanfarin misseri hefur Sveinn verið forstöðumaður Eignarhluta hjá Símanum og þar áður var hann rekstrarráðgjafi hjá PricewaterhouseCoopers og IBM Business Consulting Services. Sveinn er kvæntur Lindu Pálsdóttur félagsráðgjafa og eiga þau þrjár dætur.



MUSIC &
MYNDIR

HÁLFVIRÐI



ALLAR VÖRUR Í BÚÐINI VERÐA Á HÁLFVIRÐI Í 10 DAGA
Útsalan hefst fimmtudaginn 16. febrúar.



OPNUNARTÍMAR:

VIRKA DAGA: FRÁ 10:00 - 18:00

HELGAR: FRÁ 12:00 - 18:00



MUSIC &
MYNDIR

HAMRABORG 1
KÓPAVOGI
SÍMI: 555 - 7601

Vekur traust og styrkir tengsl

Er enskukunnátta Íslendinga góð?

Enskukunnáttan er góð - en mætti vera betri. Ég hef starfað fyrir alþjóðastofnanir og kenni námskeið í háskóla á ensku og mín tilfinning er sú að Íslendingar telji sig hafa betri kunnáttu í ensku en þeir raunverulega hafa. Sá sem telur sig kunna eitthvað leggur sig ekki eftir því að læra það. Ég þekki breskan prófessor í London School of Economics og Cambridge sem hefur alltaf enska orðabók á skrifborðinu og segist nota hana oft á dag þar sem hann rekist iðulega á ensk orð sem hann þekki ekki. Enskan hefur gríðarlegan orðaforða og margs konar blæbrigði og mín upplifun er sú að sá sem hefur mjög góð tök á henni fái ákveðna virðingu og forskot.

Ættum við að vera jafnvíg á ensku og íslensku?

Við búum við þann raunveruleika að það er varla til það starf á Íslandi þar sem enskukunnátta er ekki annað hvort nauðsynleg eða mjög æskileg. Erlendar kannanir sýna fylgni á milli tungumálakunnáttu og tekna. Við búum í breyttum heimi hnattvæðingar þar sem reiprennandi enskukunnátta er nauðsynleg til þess að skapa einstaklingnum möguleika á að njóta þeirra tækifæra sem bjóðast.

Er þörf á að læra fleiri tungumál en ensku?

Eitt af því sem vekur athygli í alþjóðlegum könnunum á tungumálakunnáttu er að Bretar og Bandaríkjamenn eru þeirrar skoðunar að starfskraftar hafi alls ekki nægilega góða færni í tungumálum. Þetta segir okkur að enska dugar ekki. Við komumst langt á enskukunnáttu en þurfum að kunna fleiri tungumál, ekki aðeins til þess að gera okkur skiljanleg heldur einnig til þess að fá skilning á menningu og hugsunarhætti þeirra sem við eigum í samskiptum við.

Mun enskan halda velli sem alþjóðatungumálið?

Enskan mun halda velli og styrkja sig sem alþjóðatungumál í fyrirsjáanlegri framtíð. Um 250 milljónir kínverskra skólabarna læra ensku en aðeins um 25 þúsund banda-

rískra skólabarna læra einhverja kínversku, samkvæmt upplýsingum frá bandaríska menntamálaráðuneytinu. Enskan er hið alþjóðlega mál en það er athyglisvert að sjá, til dæmis í ESB, að öfugt við það sem halda mætti þá hefur orðið vakning í að viðhalda og styrkja mállýskur og tungumál sem fáir tala samhliða hnattvæðingu og aukinni enskukunnáttu.

Hvaða tungumál er „heitast“ að læra í dag?


Það er alltaf erfitt að spá fyrir um hvernig viðskipti og menningarsamskipti munu þróast. Það er talið líklegt að Kína verði stærsta viðskiptaveldi heims eftir 20-30 ár og Indland hefur tækifæri til að fylgja fast á eftir. Íslensk fyrirtæki hafa aukið mikið viðskipti við ríki í Mið- og Austur-Evrópu, þar sem vöxtur er einnig verulegur, sérstaklega eftir Evrópu-sambandsaðild þeirra. Það er því spennandi að læra þessi tungumál auk annarra, s.s. arabísku, spænsku, frönsku og þýsku.

Er betra að tala tungu þess sem maður á í viðskiptum við?

Við þekkjum hvernig okkur er innanbrjóst þegar útlendingar tala íslensku. Kunnátta í máli viðskipta aðila vekur traust og styrkir tengsl. Auk þess er tungumálanám þrýðileg leið til þess að auka menningarlesi og kynnst erlendum mörkuðum. Hins vegar mæli ég ekki með því að menn noti tungumál sem þeir hafa ekki fullnægjandi tök á! Oft tala menn saman og semja á einu tungumáli en ganga frá skriflegum skuldbindingum á ensku eða í afriti á ensku.

Eru þess dæmi að samningar fari út um þúfur á grundvelli tungumálamisskilnings?

Stundum eru viðskipti þess eðlis að hagsmunir fara eðlilega saman og því þarf nokkuð til þess að menn ná ekki samningum. Í öðrum tilvikum sem eru algengari eru margir sem berjast um athygli og þá geta menn orðið undir í samkeppni við önnur fyrirtæki vegna skorts á tungumálakunnáttu eða vilja til að kynna sér markaðsaðstæður og sérstöðu þess fyrirtækis sem í hlut á.



ENSKA ER ALPJÓÐAMÁLIÐ OG GÓÐ ENSKUKUNNÁTTA GULLS ÍGILDI Í störfum Kofi Annan, aðalritara Sameinuðu þjóðanna, og viðskiptaráðherra Katar, Ahmed Al-Thani, er góð enskukunnátta sennilega meira en bara góður kostur.

Færni í tungumálum veitir forskot í samkeppninni

Heimurinn hefur tekið stakskiptum á síðastliðnum þremur áratugum, gáttir hafa opnast sem lengi voru lokaðar og við stöndum frammi fyrir því að heimurinn myndar nú einn stóran markað. Þjóðir heims eru undir miklum áhrifum af alþjóðavæðingunni því með henni tengjast lönd, fyrirtæki og einstaklingar sterkum böndum þar sem viðskipti, fjármálamarkaðir, tækni og lífsgæði fléttast saman með áður óþekktum hætti.

STAÐA TUNGUMÁLA

Síðustu vikurnar hafa háværar raddir verið uppi um stöðu tungumála í samfélaginu. Ber þar fyrst að nefna umræðuna um að ef fram haldi sem horfi verði íslenskan ekki töluð hér á landi eftir hundrað ár. Ýmsir hafa gagnrýnt að stórfyrirtæki gefi ársskýrslur sínar út á ensku en ekki íslensku, heimasíður íslenskra fyrirtækja séu jafnvel einungis á ensku, kennsla í háskólum fari fram á ensku og þar fram eftir götunum.

Á viðskiptaþingi sem haldið var í síðustu viku komu aftur á móti aðrar raddir fram, nefnilega að enskukennslu þyrfti að stórbæta og íslensk börn ættu að byrja að læra ensku mun fyrir en nú er. Helst ættum við að verða tvítýngd þjóð og jafnvíg á íslensku og ensku. Þannig værum við reiðubúin til að takast á við þær Þjóðfélagsumbreytingar sem munu eiga sér stað. Var þetta hluti af þeirri framtíðarstefnu sem fundarmenn vildu marka í því alþjóðlega umhverfi sem Ísland er hluti af.

ÍSLENDINGAR VEL STADDIR

Vafalaust má bæta enskukunnáttu Íslendinga þar sem alltaf má gera betur. Þrátt fyrir það stöndum við Íslendingar mjög vel í samanburði við aðrar þjóðir þegar kemur að tungumálakunnáttu. Samkvæmt alþjóðlegri könnun IMD í Sviss (World

Competitiveness Report), sem Viðskiptaráð annast á Íslandi, standa Íslendingar framar öllum öðrum þjóðum þegar spurt er hvort tungumálakunnátta fullnægi kröfum atvinnulífsins (8,55 af 10,00), á undan Sviss (8,47), Danmörku (8,38), Finnlandi (8,13) og Lúxemborg (8,00). Neðst á listanum eru Japan, Skotland, Bretland, Spánn, Kolumbía og Kína. Við megam hins vegar ekki slaka á og við höfum allar forsendur til að gera enn betur.

ENSKAN ER ALPJÓÐAMÁLIÐ

Miðað við íslenskt vinnuumhverfi í dag er óhætt að segja að það sé Íslendingum nauðsynlegt að búa yfir góðri enskukunnáttu. Það starf er vandfundið þar sem góð enskukunnátta er ekki mikill kostur eða jafnvel nauðsynleg. Enskan er það tungumál sem er

TUNGUMÁLAFÆRNI SAMKVÆMT ALPJÓÐLEGRI KÖNNUN IMD Í SVISS

1 Mætir ekki þörfum atvinnulífsins
10 Mætir þörfum atvinnulífsins

1. Ísland	8,55
2. Sviss	8,47
3. Danmörk	8,38
4. Finnland	8,30
5. Lúxemborg	8,00
6. Holland	7,91
7. Svíþjóð	7,81
8. Ísrael	7,76
9. Belgía	7,64
10. Maharashtra	7,58
11. Indland	7,53
12. Filippseyjar	7,41
13. Kanada	7,28
14. Noregur	7,28
15. Grikkland	7,12
16. Bavía	7,12
17. Singapúr	7,07
18. Ástralía	6,56
19. Jórdanía	6,44
20. Portúgal	6,17

notað í viðskiptum, í vísindum og í fræðsluefni og erlendar kannanir sýna jafnvel fylgni á milli enskukunnáttu og tekna. Almenn og góð enskukunnátta er því ekki aðeins kostur heldur grundvallaratriði - bæði fyrir afkomu einstaklinga og fyrirtækja.

Það er samt sem áður ekki bara enskan sem við þurfum að líta til, þótt allar líkur séu til þess að hún muni áfram ríkjast sem alþjóðamálið. Það er líka nauðsynlegt að líta til þess að með alþjóðavæðingunni eru markaðir að opnast sem lengi höfðu verið lokaðir. Viðskipti utan Evrópska efnahagssvæðisins, Bandaríkja og Japan hafa aukist töluvert og hafa farið úr þremur prósentum af útflutningi og sjö prósentum af innflutningi árið 1990 í 5,1 prósent af útflutningi og 12,4 prósent af innflutningi árið 2004. Þess vegna væri það ekki úr vegi fyrir menntastofnanir að setja aukid púður í að kenna kínversku, urdu, spænsku, arabísku, indónesísku og önnur tungumál sem töluð eru á þessum mörkuðum sem eru að opnast okkur.

RAUNVERULEGUR ÁVINNINGUR?

Það er ekki óalgengt að fólk efast um að raunverulegur ávinningur sé fólgin í því að taka tillit til atriða eins og tungumála í alþjóðaviðskiptum. Jafnvel er talið að það hljóti að nægja að við höfum okkar sameiginlega markmið - að eiga í viðskiptum - og að meira þurfi ekki til ef báðir aðilar tala ágæta ensku. Kannanir sýna þó að þekking á tungu og hefðum geti verið uppspretta samkeppnisfirburða og að með því að hlúa að þessu geti fyrirtæki og einstaklingar öðlast mikilvægt samkeppnisforskot. Þekking á tungumálum og menningu annarra ríkja eflir því samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs á alþjóðlegum mörkuðum.

holmfridur@markadurinn.is



Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?

ÓKEYPIS
REYNSLUTÍMI
á www.mentis.is

Microsoft
CERTIFIED
Partner

mentis
HUGBÚNAÐUR

Sígtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is



Bíldshöfða 18 • 110 Reykjavík
Pöntunarsími 567 2770 • Fax 567 2760
matbordid@isl.is

Fermingarveisla Matborðsins

Fermingartilboð

Tilboð 1

Roastbeef
Bayonneskinka
Kjúklingur
Grafinn lax
Sjávarréttasalat Vinaigrette
Lambapottréttur með krydd-
hrísgrjónum
Kartöflusalat, remólaði,
sinnepssósa
Brauð og pestó

Verð pr. mann kr. 2790.-

Tilboð 2

Kaldar kalkúnabringur með heitri
apríkósubarbequesósu
Kjúklingaleggir
Djúpsteiktir engiferkryddaðir
svínakjötstrimlar í súrsætri sósu
Sjávarréttasalat Vinaigrette
Suðrænt salat með sólþurrkuðum
tómötum og fetaosti
Brauð og pestó

Verð pr. mann kr. 2590.-



Gómsætur matur og þægileg þjónusta

BANKHÓLFID



Arsenal, Mosaic og ástin

Ástarsamband hinnar glæsilegu Karenar Millen og Sols Campbell, varnarmanns hjá Arsenal, er ástæða þess að einkalíf knattspyrnumannsins er í rúst að sögn enskra götublaða. Unnusta Campbells strunsaði út þegar hún komst að því að hann ætti í sambandi við tískudrottninguna. Öllu rólegra hefur verið yfir Mosaic Fashions þar sem Karen er meðal hluthafa. Kevin Stanford, fyrrverandi eiginmaður Karenar, hefur hins vegar selt öll sín bréf í Mosaic. Ekki fylgir sögunni hvort hann styðji Arsenal, sem hefur átt dapra daga að undanfögnu.

Kaupasker

Prentvillur eru alla jafna leiðindafyrirbæri og til tómrar armæðu fyrir þá sem setja efni á prent. Stundum hafa þær óeitanlega skemmtigildi og geta af sér nýjar hugmyndir. Þannig gat að líta litla frétt um lokun útibúa Landsbankans á Raufarhöfn og Kópaskeri sem gæti orðið nýtt viðurnefni fyrir góðærislandið Ísland. Okkur er tamt að tala um Skerið þegar við tölum um fósturjörðina í hálfkæringi. Í fréttinni misritaðist Kópasker og var skrifað Kaupasker, sem er ágætis nafn á landi elds og ísa þessa dagana þegar kaupin á eyrinni blómstra sem aldrei fyrr.

Einstætt samþykki

Fréttagildi er mikilvægast þegar valin er fyrirsögn, svona alla jafna. Það sem gerist í fyrsta sinn eða það sem er óvenjulegt hefur mikið fréttagildi. Gamli refir í fréttamennsku glottu því við tönn þegar tilkynning kom frá eignarhaldsfélagi Verðbréfaþings undir fyrirsögninni: "Ársreikningur Eignarhaldsfélags Verðbréfaþings samþykktur." Veltu menn fyrir sér hvort bæta ætti við "loksins" í fyrirsögnina eða að byrja fréttina sem svo: "Sá einstæði atburður varð í gær að stjórn Eignarhaldsfélags Verðbréfaþings samþykkti ársreikning félagsins"...

120%

hagnaðaraukning á milli ára í SPH og sú mesta í sögu sparisjóðsins.


200

milljarða útgáfa krónubréfa eða jöklabréfa eftir útgáfu Deutsche Bank fyrir tvo milljarða.

0,1%

óvænt lækkun vísitölu neysluverðs milli janúar og febrúar.

Dinn tími er kominn!



Dansrækt JSB er staður fyrir konur á öllum aldri. Notalegt andrúmsloft og fjölbreyttir tímar í boði í opna kerfinu.

Opnir tímar

Kl	Mán	Þri	Mi	Fim	Fös	Lau	Sun
06:30	X	X	X	X	X		
07:30	X	X	X	X	X		
08:30	X	X	X	X	X		
09:30						X	
09:45						X	
10:30						X	X
11:30							X
12:15	X	X	X	X	X		
13:30	X		X		X		
15:30	X	X		X			
16:30	X	X	X	X	X		
17:30	X	X	X	X	X		
18:25		X		X			

Pallar, púl, sveifla, lóð, JSB tímar, teygjutímar, einkabjálfun, Yoga

RopeYoga

Lokuð 8 vikna námskeið
Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi.

Vertu velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB

leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík
Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732



Hafðu samband! Skráning hafin

www.jsb.is
sími 581 3730

Við færum þér fjármálaheiminn

E*TRADE

Nú býst þér að eiga milliliðalaus verðbréfavíðskipti með E*TRADE í gegnum netið á stærsta verðbréfamarkaði heims, Wall Street í Bandaríkjunum, og á mörkuðum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku.
Kynntu þér málið á www.landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

